

| tíska | tíðarandi | heilsa | börn | hönnun | pistlar | matur | stjörnuspá |

**birta**  
Hvar er tjaldid?

VERSLUNARMANNAHELGIN

» Efirminnilegustu útihátíðirnar

DÚKKULÍSA Á FJÖLLUM

» Erla Bryndís Ingadóttir

MATUR

» Áhrif frá appelsínum

FELIX BERGSSON

» *Að taka stökkið*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
4 - 10. ágúst

# Mondeo Trend Plus

# söltilboð

# 27490

Mán.gr. Bilasamningur  
Lýsingar og Brimborgar

Sumarið er komið í Brimborg. Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríð á sérstöku söltilboði Brimborgar. Skoðuðu góðan Bilasamning\* Lýsingar og Brimborgar - aðeins 20 prósent út og lágar mánaðargreiðslur. Skoðuðu Mondeo Trend Plus eða Focus C-Max Trend Plus frá Ford. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg.

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu söltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á söltilboði.

Aflaðu þér  
frekari upplýsinga  
[www.ford.is](http://www.ford.is)

## Focus C-Max - eins og að vera á fyrsta farrými

Betra aðgengi, mikið rými og góð þjónusta eru atriði sem Focus C-Max eigendur sækjast eftir. Aðstaðan um borð getur vart verið betri. Allir sitja hátt með góða yfirsýn. Auðvelt að sinna yngri börnunum og færa þau í og úr barnabílstólum. Eldri börn sitja hvert fyrir sig í sérstöku sæti en þrjú sérstök aftursæti eru í Focus C-Max. Kerran fær einnig gott rými í skotti. Focus C-Max stenst ströngustu kröfur þýsku TÜV eftirlitsstofnunarinnar við ofnæmisprófanir.



### Trend+

Focus C-Max Trend Plus  
2,0i 5 dyra, sjálfskiptur\*  
Bilasamningur 29.480 kr.  
Rekstrarleiga 42.600 kr.  
Verð án söltilboðs 2.590.000 kr.  
Söltilboð 2.390.000 kr.

Focus C-Max Trend Plus  
söltilboð\*  
**29.480**  
(mán.gr. bilasamningur)

Komdu núna. Söltilboð Brimborgar  
gildir meðan birgðir endast.



Nýtt tákni um gæði

### Trend+

Mondeo Trend Plus

2,0i 5 dyra, 5 girá\*

Bilasamningur 27.490 kr.

Rekstrarleiga 41.120 kr.

Verð án sóttíboðs 2.350.000 kr.

**Sóttíboð 2.250.000 kr.**

Sóttíboð á sjálfskiptum

Mondeo Trend Plus:

Til viðbótar aðeins

140.000 kr.



## Í spennandi bíltúr í Ford GT?

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðuðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

**FORD GT**

Smelltu á [ford.is](http://ford.is) og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar liða fer á sumarið.


Nýttu þér sérstakt Trend-plús  
sóttíboð Brimborgar:  
Ford Mondeo Trend Plus og  
Ford Focus C-Max Trend Plus.

Sumarið er  
í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.ford.is](http://www.ford.is)

í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru akstur á tímabilinu \*\*Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur.



## Dell Latitude D520

# TÖLVAN SEM VAKIR MIKLU LENGUR EN ÞÚ!

Hin afkastamikla **Dell Latitude D520** er flott fyrir skólann og framtíðina. Hún er með frábærum skjá, snilldardrífum, þráðlausu netkorti og öllu sem þú þarft í skólann. Svo er hún á góðu verði. Í stuttu máli þá gerir **Dell Latitude D520** allt fyrir þig – nema að læra heima!

### Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:

R. SIGMUNDSSON / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 • PENNINN / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 • PENNINN EYMUNDSSON / Sólvalldagötu 2, Keflavík / 421 1102 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUBURLANDS / Eyraveggi 37, Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Strandvegi 51, Vestmannaeyjum / 481 1122 • BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 • TÖLVUSMÍÐJAN / Nesgötu 7, Neskaupstað / 470 2230 / Miðási 1, Egilsstöðum / 470 2220 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Garðarsbraut 9, Húsavík / 646 1234 • PENNINN / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 461 5050 • NETHEIMAR / Aðalstræti 27, Ísafirði / 456 5006 • NETOS / Aðalstræti 9, Ísafirði / 456 8440 • MAREIND / Nesvegi 7, Grundarfirði / 438 6611 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Brúartorgi 4, Borgarnesi / 437 2260 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / Esjubraut 49, Akranesi / 430 7000



VERÐ Á MÁNUÐI  
FRÁ KR.

**3.461\***

\*M.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán. Fullt verð frá kr. 99.900

▶ Skoðaðu úrvalið á [www.ejs.is](http://www.ejs.is)



Það er til lausn á öllu

Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000





14



22



24



36

### Petta helst

- 7 Helgi verslunarmanna
- 8 Heitt og kalt
- 10 Brennsla Eypórs Rúnars Gunnarssonar
- 12 Ný hátíð í gömlu húsi: ArtFart

### Greinar og viðtöl

- 14 Að taka stökkíð: Felix Bergsson
- 18 Yngsti nemandinn sex vikna og elsti 94 ára: Sigrún Sævarsdóttir Griffith
- 20 Eftirminnilegar útihátíðir
- 22 Helgarnar sem aldrei gleymast
- 28 Dúkkulísa á fjöllum: Erla Bryndís Ingadóttir

### Hann/hún

- 24 Áhrif frá appelsínunum
- 32 Hvert er lagið?
- 34 Erla Björg Gunnarsdóttir elur upp
- 34 Of lengi á brjósti?
- 36 Jóna Björg Jónsdóttir fatahönnuður
- 40 Tryggvi segir kynjasögur
- 40 Stjórnsúpa
- 42 Uppruni hlutanna: Mínipilsíð
- 44 Betra autt rúm
- 46 Lesið í líkamann

### Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

# Verður þú tilbúinn eftir sumarið?

"Ekki eingöngu les ég hraðar.  
Ég les með ...margfalt meiri skilning."

Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.

"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í  
læknadeild í vor."

Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.

"...Núna er mér fyrst að takast að sjá fram á að klára  
lesefni vikunnar sem ég taldi áður ómögulegt."

Elva Dögg, 20 ára Hjúkrunarnemi.

"...Þetta námskeið var vonum framar og ætti að vera  
skylda fyrir alla! Námskeiðið eykur lestrarhæfni á öllum  
sviðum..."

Haraldur Haraldsson, 18 ára nemi.

## Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt,  
krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting,  
jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi,  
árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

## Náðu árangri hjá okkur Hraðlestrarskólinn

**Næsta 6 vikna námskeið 12. Sept**

**Næsta 3 vikna hraðnámskeið**

**Akureyri 31. ágúst. Suðurnes 12. okt.**

**Allar upplýsingar á [www.h.is](http://www.h.is)**



**HRADLESTRARSKÓLINN**

VR og fleiri stéttarfélag styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Mynd: HÖRÐUR



## *Helgi verslunarmanna*

Verslunarmannahelgin er framundan. Þrír dagar af taumlausri gleði, tjalduútilegum, tónleikum og ferðalögum. Vinnandi menn og konur fylgjast með klukkunni og bíða þess að hún slái fimm. Þá er stökkið út í bíl og grámyglan og malbikið kvatt. Bílalestirnar liðast áfram á leið sinni út úr bænum eins og snákar í leit að betri náttstað. Við hver gatnamót mjatlast úr röðinni, snákurinn missir nokkur rif, og að lokum verður hann aðeins að stöku ljósi í ágúst-húminu.

Út um allt land fara fram útihátíðir. Einhvern veginn tekst þessum

eina frídegi að breyta rólegri og þunglyndri þjóð í skemmtanaprsta lífsnautnaseggi, þótt ekki sé nema í örskotsstund. Hljómsveitir og skemmtikraftar hendast um landið þvert og endilangt til að skemmta okkur hinum, og græða í leiðinni nokkra auru.

Helgin á að snúast um að hafa það sem allra best. Hvort sem það gerist á pökkuðu tjaldestæði, í hvíta tjaldirinu í dalnum, fyrir framan sviðið eða á hljóðu hálandinu, þá eigum við öll skilið að eiga góða helgi. Ég hvet því alla til að taka þátt í myndun snáksins. Passið ykkur bara að hann gleypi ykkur ekki.

| heitt & kalt |

**TÓNLEIKAR Á KLAMBRA-TÚNI** Eins og sást um síðustu helgi þegar Sigur Rós lék fyrir gesti er svæðið tilvalið fyrir tónleikahald.

**FÖT ÚR VERSLUNINNI KRONKRON** sem erlendar stórstjörnur á borð við Madonnu klæðast.

**LEGGINGS** tolla enn í tísku þrátt fyrir að vera komnar yfir síðasta sölundag.

**VÖRUGJÖLD AF MAT-VÖRU** Neyslugjöld virka ekki.

**NEKTARBÚLLUR** eru að deyja út á Íslandi, enda vilja fáir styðja skipulagða glæpastarfsemi.

Hauskúpur » Rokkað og villt útlit

Klútar, spangir, eyrnalokkar og háls-men með hauskúpum eru orðnir algengir fylgihlutir hjá kvenþjóðinni. Svarti liturinn og hauskúpurnar mynda skemmtilegt mótnægi við sæta sumarliti og rómantísk sólgleraugu. Rokkið er greinilega að koma inn í tískuna og ef til vill hafa skemmtilegu rokkgeðlurnar í Rockstar: Supernova einhver áhrif þar á.



Útilegur » Ódýrar útileguvörur

Nú er sá tími ársins þegar allir eru að spila golf. Glæsileg tilþríf frá Íslandsmótum í sjónvarpi og veðurbliðan draga alla út á braut, þó ekki sé nema til þess að slá nokkra bolta. Kyllingar sem ekkert hafa spilað í sumar hittast út á braut og ljúga því hver að öðrum að þeir séu akkúrat að fara að lækka forgjöfina sína eftir næsta hring. Viðvaningar láta sig dreyma um að geta leikið golf af jafn mikilli snilld og Sigmundur Einar Músson eða Helena Árnadóttir en fæstir geta það. Árangurinn er þó ekki alltaf aðal málið því golf getur verið frábær leið til þess að njóta sumarsins í veðurbliðunni.



Golf » Allir að spila

Oft vill óminnishegri svífa yfir útihátíðir og því þora margir ekki að taka finu útileguvörurnar eða rándýra kassagítarinn með í för. Í stað þess bregður fólk gjarnan á það ráð að kaupa útileguvörur sem oft hafa það eina hlutverk að duga fram yfir helgi. Þannig selur Rúmfatalagerinn meðal annars kassagítar sem kostar 2500 krónur og tveggja manna kúlutjald á innan við tvö þúsund krónur. Það er því ekki alveg hundrað í hættunni þó svo kassagítarinn komi dálítið laskaður til baka, ef hann þá kemur til baka. Þá munu tjaldstólar og einnota grill frá bensínstöðvum vafalaust rjúka út um helgina.



Tíminn er naumur » Gönguferðir um Kárahjúkasvæðið

Nú fer hver að verða síðastur að berja það svæði augum sem fer undir vatn þegar vatni verður hleypt á Háslón í haust. Við Kárahjúkasvæðið hefur verið stríður straumur ferðamanna þetta sumarið og gönguferðir um landið sem hverfur eru vinsælar. Aldrei hafa jafn margir komið á þessar slóðir og svæði eins og Kringilsárraninn, sem hingað til hefur verið hálfgerður leynistaður, er nú orðinn einn heitasti staður landsins. Viðbrögð manna eru misjöfn. Einhverjir koma klökkir heim meðan aðrir dásama uppbygginguna og framkvæmdirnar, en eitt er ljóst að heimsókn á svæðið lætur engan ósnortinn.



Bylting fyrir þá sem  
dveljast langdvölum  
erlendis...



## Nú getur þú fengið íslenskt símanúmer til að nota í útlöndum...

...og getur hringt heim til Íslands fyrir **0 kr.** - símtalið

**0 kr.** í alla fastlínusíma á Íslandi  
**0 kr.** innan kerfis  
**0 kr.** í smartsíma erlendis  
**14,90 kr.** í GSM, sama verð í alla  
**70%-90%** ódýrara til útlanda – alltaf

### Pantaðu áskrift!

Það eina sem þú þarft að gera er að hringja í síma **582 2000** og panta þjónustuna eða fá nánari upplýsingar á [www.smartsimi.is](http://www.smartsimi.is)

Mánaðargjald aðeins  
**kr. 1.350,-**

Atlassími býður nú Íslendingum búsettum erlendis **Smartsíma** til notkunar erlendis. Smartsími samanstendur af **Smartboxi**, sem tengist bæði í síma og í internet router, og **Smartnúmeri**, sem er íslenskt símanúmer. Smartsímanna er hægt að nota um allan heim svo lengi sem áskrifendur hafa aðgang að interneti (ADSL eða hraðara).

Áskrifendur Smartsíma fá ótakmarkaðar mínútur í íslenska fastlínusíma fyrir einungis 1.350 kr./mán, og þar sem Smartnúmerið er íslenskt þurfa vinir og vandamenn einungis að borga innanlands mínútuverð þegar þeir hringja í númerið.

**Smartsími er því tilvalin og ódýr lausn fyrir Íslendinga búsetta erlendis sem vilja vera í nánu sambandi við ástvini sína heima á Íslandi.**

# smartsími.is

Atlassími · Ármúla 19 · 108 Reykjavík · Sími 582 2000

*Með smartsíma eru allir vinir!*



## Lögin sem eru að gera sig þessa dagana

Eyþór Rúnar, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Telepathetics, sér um brennsluna þessa vikuna. Eyþór hefur haft í nógu að snúast síðustu mánuði með hljómsveit sinni. Á vörmanúðum tóku þeir upp plötuna Ambulance í Sundlauginni, hljóðveri Sigur Rósar. Platan er nú komin út og gefa hljómsveitarmeðlimir hana út sjálfir en dreifing er í höndum 12 tóna. „Þessi brennsla inniheldur þau tíu lög sem eru sérstaklega að gera sig hjá mér þessa dagana,“ segir Eyþór um brennsluna.

- LAG 1** **Kinks – Waterloo Sunset.** Einstaklega gott lag sem ég enduruppötvaði eftir nokkurra ára dvala og er núna stanslaust í spilaranum. Við í Telepathetics koverum þetta lag einstaka sinnum á tónleikum í okkar eigin búning.
- LAG 2** **Egla – Daði Dyravörður.** Gott gamalt alíslenskt rokk frá Fáskrúðsfirði, tekið af plötunni „Maður er manns gaman.“
- LAG 3** **Pétur Ben – Wine for my weakness.** Frábært lag tekið af samnefndri plötu eins mesta tónlistarmanns Íslands að mínu mati. Plata sem kemur út á næstunni og enginn má láta hana framhjá sér fara.
- LAG 4** **Beatles – I am the walrus.** Snilldar lag og snilldar texti. Eitt af skemmtilegustu Bítalögum.
- LAG 5** **Oucho Sparks – Mercedes 300D.** Óþekkt band frá Bandaríkjunum sem fólk ætti að kynna sér. Þetta lag er þrusugott.
- LAG 6** **Jeff Buckley – Dream Brother.** Mitt uppáhalds lag með einum af uppáhalds tónlistarmönnum mínum. Einstaklega vel samið og kraftmikið. Ég fæ gæsaþúð í hvert einasta skipti sem ég hlusta á það.
- LAG 7** **Radiohead – You.** Radiohead er mitt uppáhalds band og þetta lag er sígilt og mótaði hljómsveitina mína að miklu leyti. Þetta lag hefur allt, gæsaþúðarvaldandi söng og gítarrið sem er ógleymanlegt.
- LAG 8** **The Smiths – The boy with the thorn in his side.** Frábært lag með meisturum í Smiths. Einnig er til mjög flott cover af þessu með Jeff Buckley sem ég mæli með.
- LAG 9** **Prefab Sprout – King of rock and roll.** Lag sem ég dýrkaði í æsku og myndbandið við það var það besta í heimi á þeim tíma. Stuð eighties popplag.
- LAG 10** **David Bowie – Starman.** Þetta lag þekkjast allir og það svíkur engan. Mitt uppáhaldslag með Bowie og frábært til þess að raula með félögum um helgar.

## » birta mælir með ...

**... VIÐKOMU Á HÓTEL GLYMI Í HVALFIRÐI** Umhverfið er einstakt og alúðlegt viðmót húsráðenda og heimilislegur búnaður skapar hlýlega stemningu um leið og komið er inn fyrir dyr.



Kræsingarnar sem á borð eru bornar svíkja engan né heldur útsýnið út um gluggana sem er eins og panorama mynd af glæsilegustu gerð.

**... HREINDÝRAHAMBORGARA Á EGILSSTÖÐUM** Hreindýrahamborgarinn á Hamborgarabúllunni á Egilsstöðum er gómsætur. Hamborgarinn er borinn fram með káli og kaldri piparsösu og verður útkoman einhvers konar villibráða-steik á milli hamborgarabrauða. Það er óhætt að segja að hreindýrahamborgarinn sé með ferskari skyndibitum á Íslandi í dag og jafnvel þó svo hann sé aðeins dýrari en hefðbundnir hamborgarar þá er hann hverrar krónu virði.



**... PIRATES OF THE CARIBBEAN: DEAD MAN'S CHEST** Kapteinn Jack Sparrow er mættur aftur ásamt áhöfn sinni á Svörtu Perlunni í þessari stórskemmtilegu ævintýramynd. Johnny Depp fer á kostum í hlutverki hins óforskamada sjóræningja ásamt þeim

Orlando Bloom og Keiru Knightley. Myndin er full af gríni og ævintýrum frá fyrstu mínútu og þarf Jack Sparrow að taka á honum stóra sínum í baráttunni við illmennið Davy Jones og ófreskur hans. Dead Man's Chest verður örugglega sigurvegari bíósumarsins 2006.

## Partípoki

**NÝTT**

Nýr á markaðnum er svokallaður partípoki með gott geymslupláss fyrir tölvu, farsíma, geisladiska og MP3 spilara. Öll tækin geta tengst beint í innbyggða hátalara sem eru á burðaröndum pokans en að sjálfsgöðu er líka hægt að tengja heymartól í græjurarnar. Hægt er að hækka og lækka í símanum eða á pokanum sjálfum. Ef verið er að hlusta á tónlist þegar síminn hringir þá slokknar á tónlistinni sjálfkrafa og auðvelt er að svara í símann með því að ýta á takka á burðarólinni. Pokinn fæst hjá Og Vodafone og er tilvalinn í útileguna.



# ÚTSALA

## allt að 70% afsláttur



**IAR**  
**kælikápur**  
með frysti  
KB9236W  
Stærð: 180x60x60 cm

**49.900.-**



**Purrkarar**  
með og án  
barka  
Verð frá:

Barkaburrkari CL 447

**19.990.-**

Barkalaus burrkari CL 767

**37.900.-**

**Tvöfaldir**  
**ísskápar**  
grár - Stakidit  
Verð aðeins kr.

**155.900.-**



Vandaðir pottar fyrir span, keramik  
steyptar hellur og gas með allt að  
afslætti

**70%**

**NARDI** ofn og  
**EDESA** helluborð

**2 tæki saman**  
**1 lágt verð**



Ofn NAFEA771X5 - Edesa 3VET132X

**Glæsilegur nýttiskulegur ofn**  
með heitum blæstri, pizzastillingu, stafrænni klukku.  
**Keramikhelluborð**  
með 4 hellum, snertitökum og stálkanti.

Öl tækin aðeins kr.

**74.900.-**



**EDESA LE215**  
**Upp-  
þvottavél**

Tekur 12 manna  
matar og kaffistell,  
5 þvottakerfi, o.fl.  
Einföld í notkun

Verð aðeins kr.

**39.900.-**



16 flösku  
**vínkællir**

H:49,2 x B:47,3 x D:44 cm

Verð aðeins kr.

**18.900.-**



Smátæki með allt að

**70%**

afslætti

**RAFTÆKJÆVERZLUN ÍSLANDS HF**

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is



**Opið** virka daga kl. 9-18  
Laugardaga kl. 11-16

www.ri.is



Viðtal: TRYGGVI GUNNARSSON  
Myndir: GVA

## » NÝ HÁTÍÐ Í GÖMLU HÚSI

Ó.Johnson og Kaaber húsið hefur staðið autt um árabíl. Nú hefur húsið fyllst af ungum „gröðum“ listamönnum sem undirbúa sviðslistahátíðina ArtFart. Kolbrún Björt Sigfúsdóttir og Karl Ágúst Þorbergsson lofa að það sem þar fer fram eigi lítið skylt við það sem fram fer á fjöllum stóru leikhúsanna.

### HVAÐ ER ARTFART?

ArtFart er sviðslistahátíð ungs fólks. Flestir koma úr skapandi sumarstarfi Reykjavíkurborgar eða úr Listaháskóla Íslands eða bæði, en í grunninn er þetta samansafn af fólki sem langaði að gera eitthvað óhefðbundið og tilraunakennt.

### HVAR OG HVENÆR ER ARTFART?

ArtFart byrjar 12. ágúst og fara sjö sýningar af átta fram í gamla Ó.Johnson og Kaaber húsinu. Ein sýning, Penetrator, er sýnd í sjóminjasafninu úti á Grandi. Miða er hægt að fá í síma 824-8870.

### HVAÐAN KEMUR HUGMYNDIN?

Upphaflega hugmyndin fæddist fyrir einu og hálfu áru síðan en þá vantaði grundvöll fyrir henni. Svo þegar það voru komnir sjö hópar í vinnu hjá Hínu húsinu fannst okkur tilvalið að gera eitthvað merkilegra saman í stað þess að vera hver í sínu horni. Þannig fæddist ArtFart.

### HVAÐ ER ÓHEFÐBUNDIÐ LEIKHÚS?

Flestir leggja neikvæða merkingu í hugtakið en það þarf ekki að vera erfitt, þungt og hvað þá leiðinlegt. Alla vega er enginn okkar að stefna á það. Verkin eru flest stutt en það sem gerir þau óhefðbundin er formið og að þau reyna á áhorfandann þannig að hann er langt frá því að vera óhultur.

### HVAÐAN KOMA VERKIN?

Öll verkin nema Penetrator eru samin af okkur sem taka þátt. Þetta eru bæði dansverk og leikhúsverk þar sem fjallað er um það sem er að gerast í samfélaginu núna.

### ER ÞÖRF Á ÓHEFÐBUNDNU LEIKHÚSI?

Já, algerlega. Við erum búin að prófa ýmsar óhefðbundnar aðferðir og óhefðbundin rými, eins og til dæmis að leika í bíl, og höfum komist að því að áhorfendur kunna lítið inn á nokkuð annað en hefðbundið Þjóðleikhús. Leikhúsinu er

nauðsynlegt að þróast og ef við hættum að gera tilraunir gerum við það sama aftur og aftur og þá er þetta orðið handverk, ekki list. Það á eftir að gera svo margt og það vantar að ungir graðir listamenn komi út af kaffihúsunum og geri eitthvað saman.

### STÖNDUM VIÐ ÖÐRUM ÞJÓÐUM AÐ BAKI Á SVIÐI ÓHEFÐBUNDINS LEIKHÚSS?

Mikið af því sem hefur verið að gerast erlendis hefur fólk ekki fengið að sjá hér heima. Formið hér er svo gefið og það lokar á svo marga möguleika. Tökum sem dæmi Túskildingsóperuna sem sett var upp í Þjóðleikhúsinu. Þetta er jólasýningin og það er gefið að þú þarft að fylla salinn í hvert skipti sem þú sýnir. Hvernig ætlarðu að vera með ádeilu á markaðssamfélagið innan þessa forms? Fólk er einfaldlega ekki að spyrja þessara spurninga en við viljum fá það til að gera það.



Pegar innrétta á fallett heimili

**Egill  
Arnason hf**  
Ármúli 8 - 108 Reykjavík  
595 0500 - [www.egillarnason.is](http://www.egillarnason.is)

# AÐ TAKA STÖKKIÐ

Felix Bergsson lifir eftir þeirri fílósofíu að þegar tækifærin gefast verði maður að stökkva á þau. Oft hefur hann tekið stökkið og er afrekaskráin orðin löng. Hann er farsæll söngvari, leikari, leikstjóri, rithöfundur, leikskáld, þáttastjórnandi og baráttumaður fyrir mannréttindum. Í augum barnanna verður hann þó alltaf annar helmingur tvíeykisins Gunna og Felix, félaganna sem leggja svo mikla áherslu á vináttuna.

Felix tók skælbrosandi á móti mér á Kaffi Milánó þar sem hann sat og borðaði hádegismat. Hann hafði verið á fullu allan morguninn með Gunnari Helgasyni, hinum helmingnum af tvíeykinu Gunna og Felix, og var orðinn glorhundraður. Það tók okkur skamma stund að hefja viðtalið en fljótlega var ég búinn að gleyma upptökutækinu á borðinu og í stað þess að taka viðtal leið mér eins og ég væri að spjalla við gamlan vin.

## GUNNI OG FELIX

Felix hefur alltaf verið mikill barnakall en áhuginn á því að gera barnaefni kviknaði ekki fyrr en hann eignaðist barn sjálfur. Hann vantaði þrátt fyrir það ekki skoðanirnar á því hvernig barnaefni ætti að vera og þær skoðanir var hann vanur að viðra við kollega sína er hann vann við talsetningar. „Við ræddum sérstaklega mikið um það barnaefni sem framleitt var innanlands og eins og ungra manna er síður vorum við örugglega mjög hrokafullir,“ segir Felix og hlær. „Svo bauðst mér að taka við Stundinni okkar en á þeim tíma var ég að talsetja Sesame Street, en þar fórum við Gunni með hlutverk snillinganna Bert og Ernie, eða Árna og Berta upp á íslensku. Ég var ekki tilbúinn að gera þetta einn en Gunni greip boltann á lofti og bauðst til að gera þetta með mér og við höfum ekki litið um öxl síðan.“ Gunni og Felix voru ekki með Stundina okkar nema í tvö ár en einhverra hluta vegna virðast árin fleiri í minningunni. Þriðja árið gerðu þeir svo jóladagatal með Þorvaldi Þorsteinssyni og í kjölfarið komu ævintýri þeirra út á DVD mynddiskum. Þeir seldust vel og virðast karakterarnir Gunni og Felix hafa lifað áfram í hugum barnanna. „Auðvitað erum við líka mikið að skemmta, fara um og hitta krakka og þess vegna erum við alltaf til fyrir þessum

hópi, alltaf lifandi. Barnaskarinn talar nefnilega sín á milli og segja hvort öðru hvar þau voru á 17. júní: Ég fór að sjá Gunna og Felix, ohhh ég vildi hafa séð þá líka. Þó svo að þau fullorönu viti ekkert af okkur og haldi að við séum hættir að gera barnaefni þá erum við ennþá til hjá börnunum,“ segir Felix.

Gunni og Felix eru orðnir einskonar vörumerki og eru karakterarnir tengdir svo órjúfanlegum böndum að línan milli þeirra er löngu horfin. Það þýðir ekkert annað fyrir þá en að svara hvort sem þeir eru kallaðir Gunni eða Felix, nú eða bæði. „Börnin gera í raun engan greinarmun, það er ekkert verið að velta sér upp úr hvor er hvor,“ segir Felix brosandí. Þessi óljósa lína milli Gunna og Felix er algjörlega í takt við inntak og áherslu þeirra á vináttuna. Þessi áhersla er líka augljós í öllu þeirra samstarfi en þrátt fyrir að vera ákaflega ólíkir menn gengur þeim vel að vinna saman og milli þeirra ríkir sterk vinátta. „Gunni hefur mjög góða nærveru og mér líður vel í kringum hann,“ segir Felix. „Það eru skemmtilegustu stundirnar þegar við erum tveir einir í bílnum á leið á skemmtun að æfa okkur. Við þurfum oft að stoppa bílinn því við hlæjum svo mikið.“

Felix og Gunni hafa unnið flest vígi á sviði barnaefnis hérlendis en enn eiga þeir eftir að gera kvikmynd í fullri lengd. Felix list ekki illa á þá hugmynd en þegar stungið er upp á leikföngum og dúkkum setur Felix fótinn á bremsuna. „Gunni og Felix eru ekki í þeim andanum,“ útskýrir hann. „Þrátt fyrir öll ærslalætlin og hláturinn eru þeir lágstemmdari en það brjálaðasta í barnaefninu. Þeir eru ekki teiknimyndafígúrir heldur raunverulegir menn að tala við raunverulegt fólk. Við komum að hitta áhorfendur og skemmtanirnar, sem eru spunar, eru jafn mismunandi og þær eru

margar. Stundum eru þær frábærar og ég veit að þeir sem ganga í burtu hugsa: Ég vildi að allir hefðu séð þetta. Aðra stundina eru þær líka alls ekki nógu góðar, alla vega ekki í okkar huga. Svoleiðis eru Gunni og Felix.“

## LÖGIN HANS JÓNS MÍNS

Lögin hans Jóns míns er einskonar safndiskur Gunnars og Felix. Diskurinn er unninn í samstarfi við hirðskáld þeirra, Jón Ólafsson, en diskurinn er sá 28. sem þremmingarnir koma að. „Okkur fannst við eiga svo mörg góð lög að við yrðum að gefa þau út saman,“ segir Felix. „Þess vegna tókum við þau bestu og settum þau í sumarútgáfu, en mörg laganna eru endurunnin, auk þess sem eitt nýtt lag er á disknum.“ Áhrif frá mönnum eins og Halla og Ladda, Ómari Ragnarssyni og fleiri góðum leyna sér ekki á disknum. Felix játar það fúslega og bendir á að þessir menn séu allir góðar fyrirmyndir og eigi allir leikhúsið að bakgrunni.

Yrkisefni Gunna og Felix eru fjölbreytt, en mikið er sungið um ferðalög, náttúruna og hversu gaman er að kanna og skoða umhverfið. „Við fjöllum líka mikið um vináttuna en eins og ég sagði áðan er hún rauði þráðurinn í öllu sem við Gunni gerum. Svo eru þarna alls kyns súrur textar inn á milli,“ bætir Felix við og hlær.

## MARGIR BOLTAR Á LOFTI

Felix orðar það þannig að tækifærið að stjórna Stundinni okkar hafi komið upp í hendurnar á honum. Þannig sé það oft í lífinu og þegar það gerist verði maður annað hvort að taka stökkið eða ekki. „Ég get alveg sagt þér það að ég ætlaði ekki að verða söngvari í hljómsveit áttján-nítján ára. Það kom bara upp í hendurnar á mér og ég tók stökkið,“ segir Felix. Þetta eru



*„Þó svo að þau fullorðnu viti ekkert af okkur og haldi að við séum hættir að gera barnaefni þá erum við ennþá til hjá börnunum.“*



hógvær orð hjá Felix. Vissulega er veröldin full af tækifærum en þau eru ekki allra að nýta. Til þess þarf hæfileika og dug og Felix hefur sýnt að hann hefur bæði. Hann er einnig mjög fjölhæfur og í gegnum tíðina hefur hann nýtt sér það og verið færnanlegur í starfi. Hann hefur leikið og sungið bæði í sjónvarpi og á sviði, fyrir fullorðna sem börn. Færri vita að Felix hefur einnig skrifað bæði leikrit og bók. „Í augnablikinu er ég í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans að skrifa litla farandssýningu sem fara á í hvert útibú,“ segir Felix en hann er einnig maðurinn á bak við barnakarakter bankans, Sprotann. Hann hefur líka skrifað barnabók,

Ævintýrið um Augastein, sem kom út árið 2003, auk nokkurra leikrita. „Þetta er bara spurning um tíma,“ segir Felix og glottir. Sólarhringurinn hjá Felix virðist innihalda fleiri klukkustundir en hjá okkur hinum. Auk þess að sinna föðurhlutverki, skemmta og skrifa fyrir börn og koma fram við ýmis tækifæri, ásamt því að sjá um sjónvarpsþáttinn Sex til sjö við góðar undirtektir, hefur hann rekið leikhópinn Á senunni síðan árið 1999. Þar hefur hann fengið útrás fyrir áleitnari hliðar leiklistarinnar og sett upp verk sem ætlað er að vekja fólk til umhugsunar um samfélagið í kringum það. „Ég er svo heppinn að vera í þeirri forréttindastöðu að geta leyft mér þetta,“ segir Felix. „Ég get unnið að því að gera leikhús sem skiptir máli vegna þess að ég er í annarri vinnu sem borgar vel.“ Síðastliðinn vetur hefur Felix séð um sjónvarpsþáttinn Sex til sjö á Skjá Einum. „Mér líkar sú vinna afskaplega vel og það er frábært

að vinna með Guðrúnu Gunnarsdóttur. Hún er svo indæl og að mínu mati er hún ein besta sjónvarpskona landsins,“ segir Felix en þættirnir hefja göngu sína á ný eftir verslunarmannahelgi. Að sjá um sjónvarpsþátt eins og Sex til sjö er full vinna og Felix játar það að til að komast yfir það sem hann langi að gera þurfi hann að vinna mikið og skipuleggja sig vel. Hann yppir öxlum og segir að einhvern veginn gangi það en áréttar að það sé líka mjög mikilvægt að þekkja sín mörk og keyra sig ekki út. „Þar að auki sé ég mig slappa af frekar snemma, vera ekkert að keyra mig út til 67 ára aldurs,“ segir hann brosandí. Felix hefur alltaf haft marga bolta á lofti en þannig vill hann líka hafa það. Hann leggur litla áherslu á að keyra hlutina í gegn á of miklum hraða og eins og hann orðar það sjálfur kastar hann boltunum hátt upp og sér síðan hvenær þeir lenda aftur í höndunum á honum. „Þetta er eins og í spunanum.

Maður er alltaf að taka á móti einhverju nýju og það gengur ekki að stoppa hugmyndirnar, maður verður bara að segja já til að skemma ekki flæðið. Það þýðir reyndar að oft er mjög mikið að gera,“ segir Felix og grettir sig en ásamt því að skrifa og sjá um sjónvarpsþátt í vetur undirbýr hann uppsetningu á nýju barnaleikriti, Abbababb eftir Dr. Gunna, sem frumsýnt verður í janúar á næsta ári.

#### GREIFARNIR

Tuttugu ár eru síðan Greifarnir unnu Músíktilraunir og gáfu út lagið Útihátíð og því var ekki annað hægt en að spyrja Felix

út í Greifaævintýrið. Á einni nóttu urðu þeir eitt stærsta nafnið á íslensku poppsenunni. Þeir spiluðu á risatónleikum í Laugardalshöll með Simply Red, Madness og Fine Young Cannibals og þeir rúlluðu upp tónleikum á Arnarhóli á afmæli Reykjavíkurborgar árið 1986, sem á þeim tíma voru stærstu tónleikar Íslandssögunnar Árið eftir voru þeir eina hljómsveitin sem spilaði á Þjóðhátíð árið 1987, þeir voru einfaldlega látnir spila öll kvöld og á daginn líka. „Einhverra hluta vegna var afskaplega mikil gúrku tíð og við urðum bara the next big thing á einni nóttu. Þetta gerðist allt svo hratt og ég var rétt búinn að vera tvær vikur í hljómsveitinni þegar við unnum Músíktilraunir,“ segir Felix og hristir höfuðið. „Ég mundi ekki nöfnin á þeim öllum og ég gat ekki einu sinni kynnt sveltina á sviði.“ Allir listamenn þurfa að fá sinn tíma til að þróa, styrkjast og skýra sjálfmyndina. Sama á við um hljómsveitir en Greifarnir fengu aldrei

*„Maður er alltaf að taka á móti einhverju nýju og það gengur ekki að stoppa hugmyndirnar, maður verður bara að segja já til að skemma ekki flæðið.“*

þennan dýrmæta tíma. „Það sem ég held að hafi að vissu leyti staðið Greifunum fyrir þrifum er að þeir urðu svo ofboðslega frægir svo ofboðslega hratt. Við náðum aldrei að þróa okkur og við urðum að standa fyrir það sem við höfðum farið af stað með,“ útskýrir Felix. „Við vönduðum okkur alltaf mikið en frægðin var alltaf A á meðan annað var B.“

Felix ákvað að hætta eftir tvö ár í sveitinni en þá stóðu vinsældir hennar sem hæst. Mörgum fannst það furðuleg ákvörðun en Felix sér ekki eftir neinu. „Ég var bara að gera aðra hluti og var búinn að finna mér aðra hillu í lífinu. Að vera poppstjarna á sveitaböllum var líka eitthvað sem ég gat ekki hugsað mér að gera,“ segir Felix. „Ég tók reyndar þátt í einni af endurkomunum árið 1996 en þegar vinsældirnar voru aftur orðnar miklar í lok sumars ákvað ég að stíga af þeim vagni og get ég lofað að mínu Greifatímabili er algjörlega lokið.“

#### LEIÐRÉTTING EN EKKI BREYTING

Felix vill ekki kannast við að hann sé sérstakur talsmaður samkynhneigðra heldur sé hann baráttumaður fyrir öllum mannréttindum. Honum sé ann t um jafnrétti og einhver verði að stíga fram fyrir skjöldu því til varnar. Nú nýlega voru samþykkt lög sem frá lagalegu sjónarmiði útrýma að mestu misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki og af þessu er Felix stoltur. „Við erum á góðri leið hérlandis og ég er ánægður með þessa þróun. Ég vil hins vegar ekki kalla þetta lagabreytingar heldur leiðréttingu á lögnum. Fyrir lögnum eiga allir að vera jafnir, það eru mannréttindi og þessi mannréttindi er verið að verja með leiðréttingunni.“

„Nú þegar lagalegu jafnrétti er náð verður næsta skref í réttindabaráttunni ekki tekið



í þingsölum eða dómshúsum. Opna þarf umræðuna um samkynhneigð og taka verður á hvernig fjalla eigi um samkynhneigð í skólum og samfélaginu öllu. Nú eru samkynja foreldrar orðið viðurkennt fjölskylduform og við verðum að ná þeim samfélagslega þroska að leggja það að jöfnu við önnur fjölskylduform. Sýna þarf samkynhneigðum og fjölskyldum þeirra þá virðingu að um þá sé fjallað eins og aðra.“

Felix telur samfélag okkar vera á góðu skriði í átt að þessu markmiði. „Samkynhneigð er svo mikið non-issue hjá ungu fólki og það er mjög jákvætt en jafnframt það sem ég er hræddastur við. Við megum ekki gleyma því að það er ákveðin þjáning og ferli sem fólk verður að ganga í gegnum þegar það kemur út úr skápnum og það er alls ekki auðvelt. Sú

umræða má alls ekki gleymast.“

Einhverjir hafa gagnrýnt lagabreytingarnar og sagt að þær skipti litlu máli. Þó svo að samkynhneigðir megi giftast og ætteleiða börn setji Íslensk ætteleiðing fyrirvara um slíkar ætteleiðingar og þau lönd sem íslenskir foreldrar ætteleiði flest fósturbörn frá séu alfarið á móti því að leyfa samkynhneigðum foreldrum að ætteleiða. Felix blæs á þessi rök. „Við getum lítið gert í því hvernig aðrar þjóðir hugsa og við getum alls ekki látið það stjórna löggjöf okkar,“ segir Felix ákveðinn. „Samkynhneigðir verða bara að ganga í gegnum sama þróun og aðrir og þeir eru jafn góðir og slæmir foreldrar og aðrir. Það eru samkynhneigðir foreldrar á Íslandi sem eru að ala upp börn og því fyrr sem fólk gerir sér grein fyrir því þeim mun betra.“

## Yngsti nemandinn sex vikna og elsti 94 ára

» Sigrún Sævarsdóttir Griffith hefur sérhæft sig í skapandi tónlistarmiðlun. Hún kennir við Guildhall School of Music and Drama í London en um helgina mun hún leiða börn í tónlistarskópun í Skálholti.

Viðtal: GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR

„Foreldrarnir skutla börnunum til mín og fara svo á tónleika Skálholtshátíðarinnar í kirkjunni. Þegar þeir koma að sækja börnin aftur munu þau bjóða þeim á aðra tónleika sem við notum tímamann til að undirbúa.“ Þannig lýsir Sigrún hlutverki sínu í Skálholti um helgina. Hún segir börnin taka þátt í verkinu hvert á sínum forsendum og því skipti aldur eða tónlistarlegur bakgrunnur ekki máli. „Ég mun spila þetta eftir eyranu og með mjög opnum huga. Einhver hljóðfæri eru á staðnum og sumir þátttakendur koma með þau með sér. Það reynist samt oft vel að nota raddirnar enda eru þær þau hljóðfæri sem allir fá í vöggugjöf. Þetta verður skemmtilegt og ég hlakka mikið til.“

### LITLI TROMMULEIKARINN

Sigrún hefur búið í London í níu ár en er Keflvíkingur og þar dvelur hún þegar hún er á landinu. Hún segir tónlistaráhugann frá foreldrunum kominn. „Mamma er píanókennari og spilaði undir hjá öllum kórum á svæðinu þegar ég var lítil og pabbi söng í karlakórnum. Ég var oft með þeim á æfingum og fékk þetta allt beint í æð. Kann til dæmis bassaröðdina í flestum karlakórslögum!“

Þegar spjallað er við Sigrúnu í síma heyrir ungur maður kalla „mamma.“ Þar er tveggja ára sonur hennar, Rhys Ragnar, að keppa við blaðamanninn um athyglina. Freistandi er að spyrja Sigrúnu hvort sveinninn fái ekki þokkalegt tónlistaruppeldi. „Það er nú ekkert skipulagt,“ svarar hún glaðlega. „En Rhys Ragnar sýnir tónlist mikinn áhuga. Þegar hann var eitthvað rellinn sem ungabarn var eins



Sigrún með tveggja ára son sinn Rhys Ragnar.

og skráfað fyrir leiðindin um leið og farið var að syngja. Við syngjum mikið saman og í gær var ég að tromma en hann og frænka mín að dansa og syngja. Svo snerum við því við. Hann fór að tromma og ég að dansa og syngja með frænkunni!“

-Er faðir hans í tónlist líka? „Já, hann var kennarinn minn í tónlistarháskólanum... pínu skandall!! Nei, nei, annars. En við störfum við það sama og stundum saman. Öll fjölskyldan fór til dæmis til Portúgal í maí og við hjónin vorum að vinna í kvennafangelsi en drengurinn var niðri á strönd með barnfóstrunni og skemmti sér konunglega.“

### SAMA AÐFERÐ VIÐ ALLA

Það kemur í ljós þegar frekar er forvitnast um starf Sigrúnar að hún kemur víða við. Hún kennir við Guildhall School of Music and Drama og er í fimm manna liði sem sér um kennslufræði allra blásara- og slagverksnema við skólann. Hún kveðst kenna öllum aldurshópum. „Yngsta manneskja sem ég hef unnið með var sex vikna en sú elsta 94 ára. Ég vinn með fólki með sérþarfir og líka hámenntuðum tónlistarmönnum, til dæmis spilurum í breskum sínfóníuhljómsveitum. Nú í ágúst er ég að fara að vinna með dauðvona börnum í fyrsta skipti. Þetta er nú ekki glaðlegt efni, en það skemmtilega við þetta starf er að ég nota sömu aðferðir með öllum þessum hópum. Ég byrja með skemmtilegri upphitun og það getur hent að ég kenni fjögurra ára börnunum sama lag fyrri partinn og ég æfi með sínfóníuhljómsveitinni í eftirmiðdaginn. Upphafspunkturinn er nokkurn veginn sá sami svo þróar maður útsetningarnar eftir getu hópsins.“



Markmið er að koma saman heilsteyptu tónverki á tveimur og hálfum tíma.




Tónlistarmiðja unga fólksins samanstandur af hrynjálfun, hópefli, samspieli og tónlistarskópun.



Öll börn frá sex ára aldri geta tekið þátt.

*Levante*  
CALZE



# Eftirminnilegar útihátíðir

Texti: ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR

Myndir: ÚR SAFNI

Elsta útihátíðin á Íslandi er með sanni Þjóðhátíð í Eyjum og virðist sú hátíð á engan hátt vera að syngja sitt síðasta. Fyrsta Þjóðhátíðin var haldin árið 1874 þar sem Eyjamenn komust ekki upp á fastalandið til að fagna þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar vegna veðurs og hefur hátíðin verið fastur liður í skemmtanalífi Eyjaskeggja eftir það. Hátíðir í Akureyri hafa einnig verið haldnar í gegnum tíðina og allt frá árinu 1967 hefur Galtalækjaskógur staðið fyrir sínu. Síðustu áratuginna hafa fjölskylduhátíðir í vímulausu umhverfi skapað sér sess meðal stærstu og vinsælustu útihátíðanna.

Útihátíðir eru því engan veginn nýjar af nálinni og eiga margir góðar minningar af útihátíðum sem yngri kynslóðir þekka ekki.


Á níunda áratugnum var til dæmis vinsælt að fara í Atlavík yfir verslunarmannahelgina og eins voru útihátíðir gjarnan haldnar í Húnaveri. Kántríhátíð var fyrst haldin árið 1984 en sló svo rækilega í gegn á tíunda áratugnum og var á tímabili ein af stærstu útihátíðunum á landinu. Síðan hafa einnig verið haldnar „einstakar“ útihátíðir í þeirri merkingu að þær voru aðeins haldnar einu sinni en voru samt gríðarlega fjölsóttar og vöktu mikla athygli. Góð dæmi um slíkar útihátíðir eru Uxi 1995 og Eldborg 2001. Svo eru einnig dæmi um útihátíðir sem eru eingöngu eftirminnilegar fyrir þær sakir að aðsóknin var með eindæmum dræm og ber þá hæst að nefna Viðeyjarútihátíðina 1984.

Árið 1984 átti að halda ógleymanlega útihátíð í Viðey. Undirbúningurinn var mikill og einnig væntingarnar. Aftur á móti mættu afar fáir á svæðið og því er útihátíðin oft þekkt undir nafninu „Viðeyjarfloppið mikla.“

UXI var haldin á Kirkjubæjarklaustri árið 1995. UXI bar yfirskriftina „alþjóðleg tónlistarhátíð“ og átti að reyna að líkja eftir hinni vinsælu Hróarskelduhátíð. Hátt á fjórða tug hljómsveita og plötusnúða voru á staðnum og þar má helst nefna Prodigy, Drum Club, Bubbleflies og Björk. Aðsóknin að tónleikunum var mun minni en búist var við og var talið að neikvæð fjölmiðlaumræða fyrir hátíðina ætti þar hlut að máli. Talað var um dóphátíðina miklu en reynslan sýndi að fikni-efnaneysla var ekki meiri en gengur og gerist á útihátíðum.



Eldborgarhátíðin var haldin árið 2001 og var auglýst sem útitónleikar. Fjórar vinsælustu hljómsveitir landsins það árið voru ráðnar til að spila á hátíðinni. Það voru Stuðmenn, Ný Dönsk, Greifarnir og Skítamóráll. Mikil umræða skapaðist í kringum og eftir Eldborgarhátíðina vegna mikils fjölda fikni-efnamála sem komu upp og nauðgana á hátíðinni.



Hallbjörn Hjartarson, kúreki Norðursins, hefur verið einn af forsvarsmönnum Kántríhátíðarinnar á Skagaströnd. Á tíunda áratugnum, þegar hátíðin var tekin upp að nýju, kom gríðarlegur fjöldi gesta aðstandendum skemmtilega á óvart.




Atlavík var vinsæll útihátíðarstaður og þá sérstaklega á árunum 1981 til 1984, en þá sáu Stuðmenn mestmegnis um stuðið. Stuðið náði þó hámarki árið 1984 þegar Ringo Starr mætti á svæðið og greip í trommukjuðana uppi á sviði. Ringo Starr skemmti sér víst konunglega á hátíðinni, fór á hestbak og datt og lét eins og einn af gestunum. Svo edlilegur var hann að gestir hátíðarinnar þekktu hann ekki í mörgum tilfellum.



# AFSÖKUN: Á LITLUM HRAÐA PARF ÉG EKKI AÐ NOTA BÍLBELTI

Artwork by BertvanderMeij © 2003 COMIC HOUSE NETHERLANDS



## NOTAÐU ALLTAF BÍLBELTI

# HELGARNAR SEM ALDREI GLEYMAST

Hverja verslunarmannahelgi þvælast vinsælustu hljómsveitir landsins landshlutanna á milli og spila fyrir æstan almúgann. Sjaldnast ganga þessi ferðalög og spilamennskur snurðulaust fyrir sig og luma margir tónlistarmenn á góðum sögum. Nokkrir voru tilbúnir að deila þeim með Birtu og upp úr krafsinu kom blár hanski af fíkniefnalögreglumanni, Ringo að japla á skósóla, partíblaðra í vitlausu veðri, brjálaður sendibílstjóri og heimikið af fjöri.

Texti: TRYGGVI GUNNARSSON

Myndir: ÚR SAFNI

## Kristinn Viðar Haraldsson - Greifarnir

Greifarnir eru tákngeving verslunarmannahelgarinnar. Lag þeirra, Útihátíð, er löngu orðið ódauðlegt og jafn tengt komandi helgi og tjald og svefnpoki. Kristinn Viðar, eða Viddi, er núverandi söngvari Greifanna og hann var ekki lengi að koma með góða sögu frá upphafsárum hljómsveitarinnar. „Það eru nú svo margar sögur en fæstar þeirra eru birtingarhæfar,“ segir Viddi og hlær. „Ég man samt þegar við spiluðum í Eyjum árið 1987. Skyndilega mætti fíkniefnalögreglan baksviðs og vildi fá að leita á okkur og skoða í allar tösukur.“ Greifarnir voru ekki eina bandið á Þjóðhátíð en þeir voru hins vegar þeir einu sem leyfðu lögreglumanni að leita. „Hinir voru harðir á því að það kæmi ekki til greina og enduðu í steininum. Við vildum vera samstarfsþýðir enda vorum við bara ungir piltar og vissum varla hvað fíkniefni voru. Svo kom moment sem við gleymum aldrei,“ segir Viddi og hikar í andartak svona til að bæla niður hláturinn svo það sem hann segi næst skiljist. „Einn lögreglumaður, stór rumur, stillti sér upp við dynnar og annar fór að setja á sig bláa gúmmihanska. Við héldum að það ætti að leita upp í afturendann á okkur og skelfingarsvipurinn á andlitunum leyndi sér ekki.“ Leitin var, sem betur fer fyrir Greifana, ekki svona nákvæm. Viddi segist aldrei munu gleyma blá hanskanum og svipnum á félögum sínum og bætir við að kannski hafi þetta orðið til þess að hann og félagarnir prófuðu aldrei eiturlyf. Greifarnir spila á Rokkó á Akureyri á föstudags- og laugardagskvöld og þess má geta að í tilefni 20 ára afmælis Útihátíðar hefur lagið verið endurútgefið í nýjum búningi.



Greifarnir voru allra sveina heitastir á Þjóðhátíð árið 1987. Takið eftir skottinu hans Felix og taglinu hans Vidða.



Stuðmenn eru fastur liður um verslunarmannahelgina. Myndin er tekin í skemmtiferð á Þjóðhátíð.

## Ragnhildur Gísladóttir - Stuðmenn og Grýlurnar

Ragga Gísla var á hinna goðsagnakenndu útihátíð þegar Ringo Starr mætti í Atlavíkina. Mikið var gert úr komu stjórnunnar og á mælikvarða okkar Íslendinga var umfangið mikið. Ringo leit hátíðina öðrum augum en honum fannst umgjörðin víst voða krúttleg. „Þetta var allt svo asnalega skemmtilegt, svo mikil fyrirhöfn. Það voru fengnir sérstakir kokkar fyrir hann og sérfræðingar til að velja matinn, allt fyrir stórtímið. Svo var hann bara í einhverri lopapeysu og almenningur fattaði ekkert að þetta væri hann,“ segir Ragga. „Þau hafa örugglega haldið að hann væri einhver smíðakennari.“ Ringo var líka lítið fyrir lúxusinn sem í boði var í matarboðinu sem fram fór í Húsmæðraskólanum. „Hann vildi ekki humarinn og ekki fína rauðvínið og steikina átti að grilla til helvítis. Hann var bara mesti sveitalúðinn af okkur öllum,“ segir Ragga og hlær. „Svo kom hápunkturinn þegar Ringo var að bíða eftir skósólanum af grillinu. Þá kemur Addi rokk og heldur ræðu sem endar á því að hann gefur honum eintak af íslenska tískutímaritinu Hári og fegurð.“ Sannarlega ógleymanleg stund í íslenskrri tónlistarsögu.

## Guðmundur Jónsson - Sálin hans Jóns míns

Eldborgarhátíðin er Gumma í Sálinni eftirminnilegust hátíða um verslunarmannahelgi. „Við vorum að spila á Akureyri en Einar Bárðar vildi endilega fá okkur á Eldborg í kringum kvikmyndina sem hann gerði um hátíðina. Við vorum bara í einhverri þynnku á laugardeginum og þar sem hann var búinn að hóta okkur að senda flugvél á eftir okkur ákváðum við bara að skella okkur, taka nokkur lög og koma svo til baka. Það beið okkar hvort eð er bara hangs og sjónvarpsgláp fram að næsta giggi um kvöldið,“ segir Gummi.

Flugvélin kom og sótti Sálarmeðlimi og flaug með sveitina til Stykkishólms. „Þar tók svona sendiferðabíll á móti okkur með þvílíkum brjálæðingi sem keyrði. Við vorum svo bílhræddir að við urðum allir föllir. Það var eitthvert filmkrú með okkur og við hugsuðum bara hvað erum við að gera, og ég get sagt þér það að þetta hjálpaði ekki upp á þynnkuna,“ segir Gummi. Þeir komust þó heilir höldnu á hátíðina og þar spiluðu þeir á lánsgræjur, í ömurlegu hljóðkerfi fyrir framan áhorfendahóp sem kvöldið áður hafði grýtt Skítamóral af sviðinu. Spilamennskan gekk furðu vel þrátt fyrir þetta enda bliknuðu öll vandræði við hliðina á þeirri hræðilegu vissu að þeirra biði bilferð til Stykkishólms með brjálæða bílstjóranum.

„Við komumst loks til Akureyrar klukkan hálf eitt og áttum þá að spila í Sjallanum frá klukkan eitt til klukkan fjögur. Þessi dagur sem átti bara að vera auðveldur endaði á því að reyna þvílíkt á okkur,“ segir Gummi. Sálin hans Jóns míns spilar í Sjallanum Akureyri á föstudags- og laugar-dagskvöld og í Neskaupsstað á sunnudagskvöld.



Stefán Hilmarsson og Guðmundur Jónsson í góðri sveiflu. Falleg skyrta Guðmundur.



Jóns í Svörtum fötum er reyndar í fáum fötum á þessari mynd.

## Jón Jósep - Í svörtum fötum

Jóns í svörtum fötum er ein af skærustu poppstjörnum sinnar kynslóðar. Þrátt fyrir að hafa ekki sungið með Ringo í Atlavík er Jóns vanur verslunarmannahelgartónleikum, enda fáar sveitir vinsælli í dag.

Árið 2003 var veðrið ekki hliðhollt gestum Þjóðhátíðar. Ekkert var flogið, sem kom hljómsveitinni mjög illa því þeir þurftu að mæta á Neskaupsstað. „Skyndilega heyrðum við hljóð eins og kappakstursbíll tæki handbremsu-beygju,“ segir Jóns. „Þá voru þetta einhverjir rosaegir flugmenn sem stungu sér í gegnum veðrið.“ Svo hvasst var að varla var stætt út við flugvélinu og segir Jóns að nokkrir hljómsveitarmeðlimi hafi þurft á einum bjór að halda til að róa taugarnar fyrir flugið. „Flugmaðurinn varaði okkur við því að þetta gæti orðið svolítið erfitt en hann myndi bara gefa allt í botn. Þetta var lítil níu manna rella og þegar við fórum af stað vældu allir mælar sem vælt gátu og stormflautan veinaði allt flugtakið. Svo komumst við í gegnum storminn og þegar við lentum í glampanði sólskini í Neskaupsstað fréttum við að við hefðum verið ein af þremur flugvélum sem fóru frá Eyjum þennan dag,“ segir Jóns. „Þá lét líka þessi eini bjór til sín taka og Áki með partíblöðruna dansaði brunadansinn út úr vélinni og mig minnir að hann hafi létt á sér á vænginn.“

Eins og rokkstjörnum er von og vísa ætluðu hljómsveitarmeðlimirnir að fljúga aftur í bæinn beint eftir tónleika. „En þá var svo ofboðslega gaman á ballinu og svo mikið stuð að það lenti maður í samstuði við vegg þegar hann var að dansa. Hann kjálkabrotnaði og þurfti á sjúkraflugi að halda og auðvitað varð vélin okkar fyrir valinu svo við sátum eftir í Neskaupsstað,“ segir Jóns.

Í svörtum fötum verða á Neistaflugi á föstudag en í Eyjum á laugardeginn og sunnudaginn.

## ÁHRIF FRÁ APPELSÍNUM

Stundum er gaman að leggja aðeins meira í grillkjötið og gefa því tíma í ljúffenga marineringu. Suðræn og heit áhrif eiga við árstímann og ferskar appelsínur þar með. Hér er gefin uppskrift af marineringu með ferskum appelsínusafa sem fer

sérlega vel með öllu svínakjöti. Það tekur nokkrar mínútur að gera marinerunguna og um að gera að leyfa kjötinu að liggja í henni í nokkrar klukkustundir, til dæmis frá morgni til kvölds. Kryddin eru jafn heit og árstíminn, chillí og paprika, og það skal tekið fram að

reykt paprika, sem er í uppskriftinni, fæst orðið í flestum betri matvöruverslunum eða sælkerabúðum. Með svínakjötinu er borið fram kryddað kúskússalat með baunum og appelsínum. Sem sagt ferskur og bjartur verslunarmannahelgarmatur.

### HEITAR OG FERSKAR SVÍNAKÓTILETTUR

#### Fyrir fjóra

4 svínakótilettur

#### Marinerung 1:

3 þurrkuð chillíaldin, fleiri fyrir þá sem vilja meiri hita

1 tsk. reykt paprika

1 tsk. paprika

6 hvítlauksrif, marin

salt

5 msk. ólífuolía

fínt rifinn borkur af 3 limeávöxtum

safi úr 3 appelsínum

#### Marinerung 2:

safi úr einni appelsínu

safi úr einu lime

2 msk. hunang

Byrjið á því að undirbúa marineringu eitt. Merjið þurrkuð chillíaldin í morteli, hrærið saman við reyktu papriku, papriku, marin hvítlauksrif og salt. Hrærið olíunni saman við og þá rifnum limeberkinum. Hellið appelsínusafanum yfir og blandið vel saman. Takið tvo matvinnslupoka og setjið annan ofan í hinn. Setjið kótilettarnar ofan í pokann og hellið marinerungunni yfir. Lokið pokunum vandlega og hristið kjötið til svo marineringin leiki um kjötið. Geymið í kæli í nokkrar klukkustundir en takið út tímanlega svo kjötið hafi náð stofuhita áður en það er grillað. Hrærið saman hræfnið í marineringu tvö.

Penslið henni reglulega á kótilettarnar meðan grillað er. Berið grillaðar kótilettarnar fram með kúskússalatinu sem einnig er gefin uppskrift af hér í þættinum.

Athugið að þessi marinerung er mjög góð á svínaríf. Þau þarf að vefja inn í álpappír, eftir að hafa legið í marinerungunni, og setja í meðalheitan ofn í allt að áttatíu mínútur. Að því loknu er marinerung tvö smurð á rifin, þau tekin úr álinu og lögð í ofnskúffu. Þá eru þau grilluð á háum hita í tuttugu mínútur til að fá á þau órlítið stökka áferð.



FERÐATASKAN FYRIR SUMARIÐ



EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** BESTI FERÐAFÉLAGINN

KRYDDAÐ KÚSKÚSSALAT MEÐ BAUNUM OG APPELSÍNUM

*Fyrir fjóra*

300 g kúskús  
½ l kjúklingasoð  
½ tsk. kóríander, þurrkað, eða kóríanderfræ, marín í morteli.  
½ tsk. fimm krydda blanda, five spice powder, fæst í betri matvöruverslunum og austurlenskum sælkerabúðum, athugið að henni má sleppa ef hún fæst ekki.

*Lögur á appelsínur:*

½ tsk. kúmín  
safí úr limeávesti  
3 msk. síróp, maplesíróp er mjög gott.  
5 msk. góð ólífuolía  
  
4 appelsínur, skornar í fallega báta, best ef himnan er tekin af og kjötið eitt er eftir.  
250 g ferskar, grænar baunir að eigin vali, til dæmis haricot.

Setjið kúskús í skál, hrærið kryddin saman við og hellið soðinu yfir. Kúskúsið er tilbúið þegar það hefur sogið í sig allt soðið og enginn vökví er eftir. Útbúið lögin á appelsínurnar með því að hræra allt hráefnið vel saman. Hellið því yfir appelsínubátana. Skerið baunirnar í tvennt og sjóðið í örlítið söltu vatni í tvær til þrjár mínútur. Kælið með köldu vatni, látið renna vel af þeim og hrærið saman við kúskúsið. Að lokum fara appelsínurnar og lögurinn saman við og öllu er blandað varlega saman. Berið fram með svínakjötinu.

*Athugið að þetta kúskússalat er gott eitt og sér, á hlaðborð og með öllum ferskum mat, eins og til dæmis fiski.*



# TABISO:

## Fimm stjörnu kraftmikil kassavín frá Suður- Afríku

Suður-Afrísk vín eru þekkt fyrir að vera kraftmikil og heitfeng eins og landið sjálft. Tabiso þýðir hamingja á máli heimanna og þar sem það er mjög sultukennt má kalla það hamingjusultu! Þetta suður-afríska vín er ræktað austan við Höfðaborg í Suður-Afríku af Marais-fjölskyldunni sem er sjöunda kynslóð vínræktenda, afkomendur frönsku hügenottanna.

Vín frá Suður-Afríku hafa slegið í gegn á Íslandi og eru fjögur af tíu söluhæstu vínunum í Vínbúðum þaðan. Vínin frá Tabiso eru á meðal þeirra mest seldu og hefur salan vaxið stöðugt sem bendir til þess aðdáendahópur vínanna fari sístækkandi.



Tabiso Shiraz er með vandaðri kassavínunum á markaðnum og hefur slegið í gegn á Norðurlöndunum. Yfir 200 danskir vínáhugamenn tóku þátt í blindsmakki og þeir töldu gæðin slík að það hlýti að vera helmingi dýrara en það er í raun. Þeir vissu ekki að Tabiso er kassavín í 3 lítra umbúðum en umbúðirnar hafa reyndar vakið athygli fyrir mjög praktískan tappa. Það hefur verið geymt í 12 mánuði í frönskum eikartunnum, er djúprautt og kryddað og passar vel með kjöti.

Verð í Vínbúðum 3.490 kr.



Tabiso Chardonnay ilmar af suðrænum ávöxtum, er frísklegt með þægilegu eftirbragði. Hentar vel með fiski og léttum réttum auk þess að vera hentugt eitt og sér í veislum. Vínið þykir með albestu kassavínunum og fékk t.a.m. heilar fimm stjörnur í danska vintímaritinu Vinavisen sem sagði vínið kraftmikið og ilmríkt, kjörið fyrir kvöld með vínunum og eitt af bestu hvítvínunum í kössum sem smakkendur tímaritsins hefðu bragðað.

Verð í Vínbúðum 3.490 kr.

» Sú var tíðin að Erla Bryndís Inga-dóttir stóð á sviði um verslunarmannahelgar enda í stelpnasveitinni Dúkkulísunum. Enn mundar hún bassann stöku sinnum en fáar stundir gefast til spilamennsku því hún hefur haldið sig á fjöllum síðustu þrjú árin og starfar á skrifstofu Arnarfells sem nú er við Ufsarveitu.

Texti: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR

Myndir: GUN OG ÚR SAFNI



Erla vinnur á skrifstofu Arnarfells í vinnubúðunum. Hún kann vel við sig innan um tækjadelukarla og er sjálf komin með réttindi á hjólaskóflu.

## Dúkkulísa á fjöllum

„Eiginlega lenti ég hér fyrir slysi,“ segir Erla hlæjandi þegar hún er spurð um tildrög þess að hún fór til fjalla. „Vinkona mín dró mig hingað fyrst um eina helgi til að þrifa búðir þegar verið var að setja þær upp við Kárahnjúka. Það sama var uppi á teningnum næstu helgi á eftir og einhverjar helgar þar á eftir var ég að leysa af í eldhúsinu. Svo var mér boðin vinna á skrifstofunni í ágústbyrjun 2003. Þá varð ekki aftur snúið og ég er búin að vera hér síðan.“

### HRESS HÓPUR

„Ég er „hérasstubbur.“ Ættuð úr Skriðdalnum en heflengst af átt heima á Egilsstöðum,“ svarar Erla þegar hún er innt eftir upprunanum. Auk þess að ljúka stúdentsprófi við menntaskólann á Egilsstöðum og spila í Dúkkulísunum kveðst hún hafa unnið þar ýmis störf, síðast í grunnskólanum „við sitt lítið af hverju, elda, þrifa, aðstoda inni í bekkjum og kenna í afleysingum.“ Hjá Arnarfelli hefur hún margt á sinni könnu. Meðal annars að koma fólkinu í vinnuflokknum í frí og úr. Einnig að mata eftirlitsaðila á ýmsum skýrslum og halda utan um öll plögg sem á skrifstofuna koma. „Það er ógrynni af pappír sem fer hér um,“ segir hún og bætir við. „Ætli megi ekki segja að ég sé svolítið í húsmóðurhlutverki. Aðföng fyrir eldhús og þrif eru þó ekki í minni deild en ef húsgögn vantar þá heyrir það undir mig, öryggisfatnaður og eitt og annað.“ Hún segir um 120-130 manns tilheyri vinnuflokknum, að meðtöldum eftirlitsmönnum sem komi að á matmálstímum. Alltaf séu einhverjir í frí en 85 hafi mætt í eina máltíð. En skyldi vera

eitthvert glens og grín á fjöllum? „Já, mér finnst hópurrinn hress og skemmtilegur. Við ættum kannski að framkvæma aðeins meira af vitleysunni sem okkur dettur stundum í hug! En hér eru aldrei nein vandamál, aðeins verkefni til að leysa.“

### LÍFIÐ SNÝST UM VINNU

Útsýnið er tignarlegt úr búðunum hjá Arnarfelli, þar sem bæði Vatnajökull og Snæfell blasa við. Erla brosir góðlátlega þegar henni er líkt við útilegukonuna Höllu en kveðst ekki samsama sig henni, enda aðstæður þeirra gerólíkar. Þó dregur hún andartak við sig svarið þegar hún er spurð hvort þetta sé ekki hart líf. „Neei, það er það ekki. Mér líkaði þetta strax ofsalega vel þó að ég hefði aldrei neina sérstaka þörf fyrir að ferðast um fjöll áður. Mér finnst gaman hérna. Það hefur skapast góður andi í hópnum, hann er dálítið eins og stór fjölskylda. Svo hef ég börnin mín þrjú hjá mér eins oft og kostur er og elsta dóttir mín er að vinna hér í sumar. Það má segja að þetta sé orðið mitt heimili og líf mitt snýst um það sem hér er að gerast. Þó að ég fari í nokkurra daga frí til byggða þá er hugurinn hér uppfrá og stutt í símann.“

Frístundir eru stopular á fjöllum en Erla kveðst nota þær til að fara út að skokka eða í göngutúra, gjarnan með dætrunum ef þær séu tilkippilegar. Sjónvarpsgláp er ekki í uppáhaldi nema ef tími er til að horfa á góða DVD mynd, en það segir hún ekki hafa gerst lengi.

### ENGIN PAMELA Í DALLAS

Enn er lífsmark með Dúkkúlísunum, um það vitnar lagið Halló sögu-  
stelpa á sumarsafndiski Skífunnar. Erla segir þær stöllum bíða eftir  
tækifæri til að gefa út disk en erfitt sé fyrir sex kvensur í alls konar  
stússi að finna sér tíma, enda fjórar af sex fyrir sunnan. Og þótt Erla  
hafi kannski einhverntíma viljað vera „Pamela í Dallas“ þá er það liðin  
tíð og hún kveðst ekki kvíða vetrinum á fjöllum. „Mér líður vel hér á  
veturna,“ segir hún sannfærandi. „Síðustu vetur hafa verið snjóléttir  
þó að komið hafi skot sem eru erfið meðan á þeim stendur. En hér  
getur hvesst rosalega. Tveir skúrar hafa splundrast í vindhviðum  
en ekki hafa orðið nein slys á fólki í veðurhamnum, sem betur fer.“  
Náttúruverndarsinnar sem hafa dvalið í tjöldum í grennd við búðir  
Arnarfells að undanförunu hafa til allrar hamingju sloppið við illviðri  
á borð við það sem Erla lýsir. Að lokum er hún spurð hvernig það  
fari með sálina að vinna við framkvæmdir sem séu jafn umdeildar og  
virkjanirnar á hálendinu. Og svarið er. „Sálin bíður ekki skaða af því,  
síður en svo. Það eru forréttindi að fá að vinna á svona fallegum stað  
og ég vona að ég verði hér sem lengst.“



Dúkkúlísurnar fyrir tuttugu árum. Harpa Þórðardóttir, Guðbjörg Pálsdóttir, Erla Ragnarsdóttir, Erla Ingadóttir og Gréta Sigurjónsdóttir.



Með stelpunum sínum Ólafíu og Ásu Hannibalsdætrum og hundinum Sesari.



Svarthvíta hetjan mín, söngu og spiluðu Dúkkúlísurnar. Spurning hvort Erla hafi fundið hana á fjöllum?



Búðir Arnarfells með Hafursfellið í baksýn.

# Heitar haustvörur!

Kynning



gs skór - Kringlunni  
Verð kr. 8.990



Kiss - Kringlunni  
Verð kr. 7.990



gs skór - Kringlunni  
Verð kr. 6.990

Gallerí 17 - Kringlunni  
Verð kr. 4.990



Benetton - Smáralind  
Vesti kr. 3.695, til í svörtu  
og bláu  
skyrta kr. 2.995, einnig til í  
svörtu og bleiku



Gallerí 17 - Kringlunni  
Kjöll kr. 5.990, bolur kr. 1.990





Kiss - Kringlunni  
verð kr. 5.990



Gallabuxnabúðin -  
Kringlunni  
Verð kr. 3.900

Next - Kringlunni  
Verð kr. 7.390



gs skór - Kringlunni  
Verð kr. 8.990



Next - Kringlunni  
Verð kr. 6.190



Next - Kringlunni  
Verð kr. 7.790



Kiss - Kringlunni  
Verð kr. 4.990

# HVERT ER LAGIÐ?

Víða um land munu ferðalangar sitja við varðeld með gítar í hönd og syngja þekkt ferðalög við háa raust. Því er ekki úr vegi að láta reyna á þekkingu söngfugla á þekktum útilegulögum sem koma til með að heyrast úr rjóðrum og dölum næstu daga. Svörin við spurningunum er að finna neðst á síðunni. Öllum svörum fylgir heiti lags og hver er höfundur lags og texta, vilji söngfuglar láta reyna á þá kunnáttu líka.

Texti: JÓHANNA SVEINSDÓTTIR



- 1 Úr hvaða lagi er eftirfarandi textabrot?  
„við saman munum geyma þetta ljúfa leyndarmál ...“
- 2 Hvað heita skötuþjúin sem sungið er um í Ástardúettinum með Stuðmönnum?
- 3 Í hvaða lagi koma eftirfarandi staðarnöfn við sögu?  
Amarfell, Ódáðahraun, Herðubreið, Kiðagil.
- 4 Úr hvaða lagi er eftirfarandi textabrot?  
„Svo sá hún Stjána, það vakti þrána, hann kom á Grána, út yfir ána ...“
- 5 Frá hvaða ári er eftirfarandi Eyjalag og hver á lag og texta?  
„Brekksöngur, bálkósturinn, allt á sínum stað. Blíðar meyjar, vaskir sveinar saman fylgjast að. Rómantik í rökkurhúmi varir ár og síð þegar rjóðir vangar bera við frá bjarna á Þjóðhátíð ...“
- 6 Úr hvaða lagi er eftirfarandi textabrot?  
„Ég teygði mig í himininn í tunglið reyndi að ná ...“



- 7 Hver er næsta línan í eftirfarandi Eyjalagi, frá hvaða ári er það og hver á lag og texta?  
„Í ljósu mánaskini vel ég mér stund, og segi, ég myndi klífa hæstu hæðir fyrir þig, ég væri ekkert án þín myrkrið hverfur því að ...“
- 8 Hver er sem fugl á flugi ferskum í sunnan blæ?
- 9 Hvaða línur vantar inn í þennan lagabút?  
„Og seinna þegar tunglið [...] sem við elskum þú og ég.“
- 10 Hvaða kalli er sá sem „hoppar kátur um gluggann úr blokk á fyrstu hæð“ að gegna?



**Svör** 1. Einu sinni á ágústkvöldi. Lag: Jón Múli Árnason Texti: Jónas Árnason 2. Harpa Sjöfn Hermundardóttir og Kristinn stuð Styrkársson Proppé. Lag og texti: Valgeir Guðjónsson, Egill Ólafsson og Jakob F. Magnússon. 3. Á Sprengisandi Lag: Sigvaldi Kaldalóns Texti: Grímur Thomsen 4. Nú liggur vel á mér. Lag: Óðinn G. Þórarinnsson Texti: Númi Þorbergsson 5. Í dalnum. Lag og texti: Helgi Jónsson frá árinu 1999. 6. Fjöllin hafá vakað. Lag og texti: Bubbi Morthens 7. „... lífið er yndislegt, sjáðu, það er rétt að byrja hér, lífið er yndislegt með þér.“ Lag og texti: Hreimur Heimisson frá árinu 2001. 8. Skútan sem skriður skínandi yfir sæ. Blítt og létt. Lag og texti: Oddgeir Kristjánsson 9. „... hefur tölt um langan veg, þá tölum við um drauminn ...“ Ég veit þú kemur. Lag og texti: Oddgeir Kristjánsson 10. Kalli óbyggðanna en lagið er á þessa leið „Hoppa kátur út um gluggann úr blokk á fyrstu hæð - svo siglir sálaruggan - í allri sinni smæð. Óbyggðirnar kalla - og ég verð að gegna þeim - Ég veit ekki hvort eða hvernig - eða hvenær ég kemst heim.“ Lag og texti: Magnús Eiríksson

www.fronkex.is



kemur við sögu  
á hverjum degi

**Mjólkurkex**  
Í næstum 60 ár  
hefur Mjólkurkexið  
frá Frón verið  
uppáhaldskex Íslendinga.  
Það er kexið sem  
fær okkur öll til að brosa  
og kemur við sögu  
á hverjum degi!

**ÍSAM**  
www.isam.is



Erla Björg Gunnarsdóttir  
elur upp

## Móðurgenin

Börn líkjast foreldrum sínum. Mismikið þó. Þegar sonur minn kom í heiminn, snýttur út úr nösinni á föður sínum, ákvað ég með sjálfri mér að hann hlýti að vera með skapgerðareinkenni mín. Annað hvort það eða ég myndi heimta DNA-próf! Einhvers staðar hlýtu mín gen að vera. Ég var kölluð „rauða hætta“ á mínum hressustu æskuárum. Til eru endalausar sögur af skæruhernaði mínum sem tóku menn hreinlega á taugum. Og ó! Hvað það gladdi móðurhjartað að verða vitni að fyrsta kastinu hjá prinsinum. Elsku barnið. Alveg eins og mamma sín. Hann fékk vinnuheitid „blossinn.“ Ég var stolt. Ég fann tengingu.

Dóttir mín er viðkvæm og ljúf. Næstum því stjórnsöm vegna yfirþyrmandi umönnunarþarfar. Hún telur sig yfirleitt vita hvað sé öðrum fyrir bestu. Hvernig eigi að borða, hvernig sé „best“ að kúra í sófanum eða „réttu leiðina“ til þess að leika sér. Þessi skapgerðareinkenni plús augun og kartöflunefið á ég. Þrátt fyrir að þessi eiginleiki hafi valdið mér vandræðum í gegnum tíðina þá þykir mér vænt um að sjá nákvæmlega sömu takta hjá dóttur minni. Hún er svo sannarlega mín. Stelpa mín.

Einn rigningardaginn í júlímánuði vorum við fjölskyldan hálflokuð inni á laugardegi. Börnunum var komið í leik inni í herbergi og foreldramir reyndu, í bjartsýniskasti, að lesa blöðin sín. Þá byrjaði það: „Ekki nota litinn svona!“ „Hvað er að sjá bolinn þinn, komdu ég ætla að girða þig!“ „Svona er BEST að halda á dúkkunni!“ Eftir hálf tíma tuð heyrðist öskur og skellir. Þarna stóð blossi litli með titrandi hnúa, útþandar æðar á enninu og grýtti litunum, bolnum og fjadans dúkkunni í gólfid. Síðan réðst hann aðeins á systur sína og sparkaði svo í vegginn. Fr. viðkvæma þoldi ekki þessi öskur og taugarnar gáfu sig. Hún grét í hálf tíma. Svona leið allur dagurinn. Sama atburðarásin aftur og aftur. Hann fékk ekki frið til að leika, hún þoldi ekki að horfa á það hvað hann lék sér „vitlaust“ og var að fara á taugum vegna síendurtekinna brjálæðiskasta bróður síns. Tuð og blossom.

Ég hef stundum haft áhyggjur af rífrildum barnanna minna. Enda snýst heimilislífið ósjaldan á hvolf um helgar þegar samverustundir þeirra eru fleiri en vanalega. Úttaugaðir foreldrar og gólandi börn. Þá er gjarnan brugðið á það ráð að banna þeim að leika og tala saman. En það er ómögulegt. Þau geta ekki lifað í klukkustund án þess að pota svolítið í hvort annað. Það er eins og það vanti helminginn í þau. Kannski hinn helminginn af móðurgeninum? Ég held barasta að ég þurfi ekki að örventa. Mér hefur gengið ágætlega að búa með sjálfri mér, í öll þessi ár, búandi yfir sömu skapgerðareinkennum og þau. Bæði olíunni og eldinum. Þá hljóta þau að geta, einhvern daginn, sameinað móðurgenin að fullu og leikið í sátt og samlyndi.



## Of lengi á brjósti?

Brjóstagið er afskaplega persónubundin reynsla og hver og ein móðir á að finna það hjá sjálfri sér hversu lengi hún vill hafa barnið á brjósti. Það er ekki algengt að konur á Íslandi hafi börnin lengur en eitt ár á brjósti en þær konur sem hafa börnin lengur fá stundum athugasemdir út af brjóstagiðfinni vegna ranghugmynda og fordóma í kjölfar þeirra.

Hér eru algengar ranghugmyndir um brjóstagið eldri barna:

*Barnið ræðst á mömmu sína hvar sem það er stutt, lyftir upp bolnum og vill fá að drekka.*

Þannig þarf það ekki að vera. Það er lítið mál fyrir móðurina að kenna barninu hvenær og hvar brjóstagiðfinni eigi að fara fram. Barnið á að skilja að mamman sé ekki gangandi mjólkurvél heldur að brjóstagiðfinni eigi við í sérstökum aðstæðum, á ákveðnum tíma eða stað.

*Brjóstamjólk hefur ekkert næringarlegt gildi eftir sex mánuði.*

Jú, brjóstamjólk er mjólk, og eftir sex mánuði inniheldur hún enn prótein, fitu og önnur nauðsynleg næringarefni sem börn þurfa á að halda. Auk þess inniheldur mjólkinn enn mikinn fjölda mótefna sem ver börnin gegn sýkingum. Samsetning mjólkurinnar breytist samt sem áður eftir því sem barnið eldist en það er af því að næringarþörfin er líka breytileg eftir aldri.

*Mótefni í brjóstamjólkinni koma í veg fyrir að ónámiskerfi barnsins fái að þroskast eðlilega.*

Nei, ónámiskerfi barnsins kynnist fleiri mótefnum og er því betur sett til að verjast sömu sýkingunni ef hún kemur aftur. Ef móðirin er með sýkingu eða flensu þá fær barnið mótefni gegn þeirri sýkingu úr móðurmjólkinni.


*Börn verða svo ósjálfstæð við að vera lengi á brjósti.*

Það er engin tenging þarna á milli. Þau börn sem eru á brjósti þar til þau ákveða að hætta sjálf eru venjulega mjög sjálfstæð. Barnið fær hlýju og öryggi við brjóstið og það ýtir frekar undir sjálfstæði en ófugt.

## Sjónvarpsgláp

Sífelldar fréttir af aukinni offitu barna, hreyfingarleysi og miklu sjónvarpsglápi gefa foreldrum ástæðu til þess að skoða málin á sínu heimili. Börn þurfa að kunna að leika sér sjálf, búa sér til ímyndunarheim og gleyma sér í hlutverkaleikjum. Eða slaka á með skóflu í hendinni, með fótbolta eða snú snú band. Nú er sumar og engin afsökun fyrir börnin til að hanga inni allan liðlangan daginn fyrir framan skjáinn. Það er vel hægt að klæða sig eftir veðri og oft bætir smá rigning bara spennu í leikinn. Bara muna eftir pollagallanum. Það er svo gott að sofna á kvöldin, dauðþreyttur og með rjóðar kinnar eftir ævintýri dagsins.





# Nú er líf í tuskunum

**30 %**

aukaafsláttur af útsöluvörum

NEXT

KRINGLUNNI



## Oft getur falleg tala orðið kveikja að heilli flík

» Við Skólagerði 5 í Kópavogi leynist gallerí Jónu Bjargar Jónsdóttur fatahönnuðar. Þótt húsnæðið sé ekki stórt þá er starfsemin allt annað en smá í sniðum.

Víðtal: GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR  
Myndir: HARI OG STEFÁN

Fágaður kvenfatnaður úr ull og silki ásamt fylgihlutum er það nýjasta úr smíðju Jónu Bjargar sem framleiðir undir merkinu jbj design.

Afraksturinn hefur víða vakið athygli og Jóna Björg hefur varla við að framleiða bæði á sýningar og í sölu. En byrjum á byrjuninni og biðjum hana sjálfa að segja frá.

„Ég hef saumað frá því ég man eftir mér en er lærður meinatæknir. Ég valdi að vera heima hjá börnunum mínum meðan þau voru lítil og byrjaði þá að búa til barnafatnað sem ég seldi í gamla Kolaportinu undir Arnarhólunum. Svo eignaðist systir mín fyrirbura og þá fór ég að framleiða fyrirburaföt. Það hef ég gert í fjórtán ár. Var með barnafatabúð hér heima um tíma en færði mig á Laugavegin og var þar í átta ár. Fór svo heim aftur og þá breytti ég til. Mig langaði að fitja upp á einhverju nýju. Endurræsa tölvuna!

Þá fór ég að þæfa saman ull og silki. Ég fór á námskeið í þeirri iðju og varð strax yfir mig hrifin af aðferðinni. Síðan er ég búin að nota eitt og hálf tón í þróun á þessari tækni. Galdurinn er að koma ullinni í gegnum silkiefnið þannig að það festist við en tíminn á þæfingunni er afar nákvæmur, alveg upp á sekúndubrot. Ullin kemur að mestu frá Ástralíu og fæst í mörgum litum en silkið lita ég sjálf. Flóknasti hlutinn af framleiðsluferlinu er að búa til sniðin því flíkurnar eru ekki saumaðar heldur mótaðar. Hver og ein er módel því ég gæti ekki haft tvær alveg eins þótt ég vildi! Þetta tekur allt sinn tíma, ég handbróðera allt og nota mikið palliættur og perlur til skrauts. Eða tölur. Oft getur ein tala orðið kveikja að heilli flík!“

Framhald á næstu opnu ▶



Jóna Björg hefur hannað og saumað í yfir tuttugu ár og komist upp í að framleiða um 5000 flíkur á ári.



Jóna björg hefur ekki alveg sagt skilið við barnafötin eins og þessi kjóll og peysa eru dæmi um.

Kjólarnir eru mótaðir að þörfum hvers og eins viðskiptavinar.

Þessi stílhreina peysa er úr íslenski ull.





**ENN MEIRI AFSLÁTTUR  
AF ÚTSÖLUVÖRUM.  
NÝJAR VÖRUR.**

**NOA®  
NOA**

Kringlan - 553 3536

Jóna Björg kveðst hafa fengið góða hjálp frá dóttur sinni við framleiðsluna. Ekki hefur af veitt, því fyrir utan að afgreiða pantanir hefur farið tími í að undirbúa sýningar. „Ég var bara búin að fást við kvenfatnaðinn í nokkra mánuði þegar hluti af framleiðslu minni fór á sýningu til Kölmar. Svo tek ég þátt í sam-sýningu sem nú er í Þjóðmenningarhúsinu en mun fara til Vínarborgar 2008 og í Bókasafni Kópavogs eru flíkur eftir mig í glerkössum. Ég fékk önnur verðlaun í samkeppni um afurðir Vatnajökulsþjóðgarðs, enda sækir ég fyrirmyndir í náttúruna og reyni að framkalla áferð hrauns, mosa og skriðjökla í efnið. Síðan verður sölumarkaður í Ráðhúsinu í Reykjavík í október og ég var svo heppin að vera ein af þeim sem valin var til þátttöku.“

En þó að mikið sé að gera í ullinni og silkinu þá hefur Jóna Björg ekki sagt alveg skilið við barnafötin. „Mig langar til að halda tryggð við yngstu þjóðfélagsþegnana, fyrirburana og þá sem stunda ungbarnasundið,“ segir hún brosandí að lokum.

Fatnaður eftir Jónu Björgu fæst í Listasafni Íslands, hjá Hansínu gullsmíði, auk gallerísins að Skólagerði 5.



Sundbolur og hetta fyrir ungbarnasund.



Húfur, kragar og grifflur bæði til skjóls og skrauts.



Ermar sem ná fram á handarbakið. Finar við selskapskjólinn og fást í ýmsum litum.

**LOKSINS Á ÍSLANDI**  
ROLLSINN FRÁ DANMÖRKU  
3 OG 7 GÍRA GÖTUHJÓL  
MED FOTBREMSU.

ATH  
NETVERSLUN  
[www.hvellur.com](http://www.hvellur.com)

**HVELLUR**  
...í einum grænum

Hvellur | G. Tómasson ehf. | Súðarvogi 6 | 104 Reykjavík | [www.hvellur.is](http://www.hvellur.is) | 577 6400

**Vöflur og Viðey**

Uppgötvaðu Viðey  
Kaffisala  
kl. 13-17



Kr. 1100 fyrir fullorðna  
Ferjugjald, vaffla  
og kaffi/kakó

Nánari  
upplýsingar  
[www.videy.com](http://www.videy.com)  
533 5055

Kr. 600 fyrir börn  
Ferjugjald, vaffla og safi



Reykjavíkurborg

**ricco vero**



Útsalan  
í fullum  
gangi

Allt að  
70%  
afsláttur

**stílistinn**

**Nýtt kortatímabil**  
Laugavegur 101, 101 Reykjavík.  
Sími: 483-4121 • [stilistinn.is](http://stilistinn.is)

**VERSLUN VÍNGERÐARMANNSINS**

HÁGÆÐA  
VÍNGERÐAREFNI



EINFALT,  
ÓDÝRT ÁHUGAMÁL

ÓDÝR KOSTUR EF HALDA Á VEIÐUR

**aman**

[www.aman.is](http://www.aman.is)

**Jói Fel**



Osta- og ólífubrauð  
að hætti Jóa Fel

- ítölsk og brakandi fersk

Kleppsvegj 152 | Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 8 - 16.  
Smáralind | Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

**ALDREI STÆRRI  
OG VINSÆLLI!**

Langöflugasti miðill unga  
fólksins er enn að vaxa.

**FM957**

Auglýsingasími: 550 5000



**Tryggvi Gunnarsson**  
segir kynjasögur

## Vígvollur verslunarmannahelgarinnar

Í dag eru þúsundir bíla á leið frá höfuðborgarsvæðinu og allir stefna þeir eitthvert út í sveit. Inni í þessum bílum er brosandí fólk, svefnpokar, tjöld og tjaldstólar sem kostuðu minna en björkassinn, ferðagræjur, einhver matur og badmintonsett sem enn er í plastinu, þrátt fyrir að hafa verið keypt fyrir þremur árum.

Á mánudaginn er fönni heitið heim. Bjórinn er búinn, tjaldið brunnið, svefnpokinn þarf að fara í hreinsun og útséð er með frekari notkun á badmintonsettinu. Fólkíð er ennþá brosandí en í þetta skipti vegna þess að það er þreytt og hlakkar til að komast í góða sturtu og eigið rúm. Þriggja daga uppsöfnuð þynna nagar samviskuna þegar keyrt er frá tjaldstæðinu sem nú, eftir fjögurra daga hátíðahöld, minnir meira á vígvöll en næturstað. Hrunin tjöld, útældar tjalddýnur, bjórdósir og tjaldstólar liggja á víð og dreif eins og lík eftir stóronustu. Eina lífið er nokkrir þöglir draugar er svifa um svæðið og hirða upp afgangana og koma þeim fyrir í ruslagámum. Einhver hefur skilið eftir útvarp þar sem þreyttur fréttamaður tilkynnir að þessi hátíð hafi farið vel fram á meðan önnur hafi farið úr böndunum.

Því miður er það ekki einungis lífvana hlutir sem verða eftir á vígvelli verslunarmannahelgarinnar. Ekki bara hlutir sem hægt er að bæta með örfáum pappírspeningum frá Sedlabankanum. Aftur og aftur förum við yfir strikið. Við drekkum of mikið, gerum eitthvað sem við sjáum eftir og skemmum það sem við getum ekki bætt, jafnvel ekki fyrir allan pappír heims. Fólk er nauðgað og framin eru mannorðsmorð. Fólk keyrir á og út af og fólk sem á allt lífið framundan deyir. Þetta fólk er ekki bara eitthvað fólk. Þetta fólk eru bræður og systur, mæður og feður, synir og dætur, ég og þú.

Mig langar því að biðja þig að hjálpa mér. Þegar ég fer yfir strikið og enda í ógöngum úti í skurði hjálpaðu mér aftur í tjaldið. Þegar ég hef slasað mig og er einn á ferð án stefnu, komdu mér í réttar hendur. Í staðinn lofa ég því að stoppa þig þegar þú tekur upp bíllyklana á fjórða bjór og ætlar í bíltúr. Ég ætla líka að hjálpa þér þegar þú hefur verið barinn í jörðina og getur ekki staðið upp.

Ég ætlast líka til þess að þú hjálpir mér að sjá til þess að þetta verði besta verslunarmannahelgin hingað til. Ég ætlast til þess að við vinnum saman að því að þreytti fréttamaðurinn geti mætt brosandí í stúdíó á mánudagskvöldi og sagt að helgin hafi farið vel fram og tilkynnt að ekki ein einasta nauðgun hafi átt sér stað þessa verslunarmannahelgi.

Ég á margar góðar minningar frá verslunarmannahelgum. Ég hef byggt kofa á KA vellinum. Lögreglunni fannst það ekki góð hugmynd en þar sem við vorum ekki að meiða neinn var okkur sleppt að því gefnu að við hefðum hemil á framkvæmdagleðinni. Ég hef farið í óvænt brúðkaup í Hrísey í blíðasta veðri sem Eyjafjörðurinn hefur nokkurn tíma séð. Ég hef líka farið á stelpuveiðar með veiðistöng úr tjaldsúlu og stagi og beitt hálfllum vodkapela. Aflabrögð voru með eindæmum léleg, einstaka landkrabbi af vitlausu kyni. Enda var það ekki markmiðið. Það var bara að hlæja og koma öðrum til að hlæja. Markmiðið var verslunarmannahelgi.

Kannski er ég barnalega bjartsýnn og set markið of hátt að vona að allir geti upplifað svona stundir um helgina. Það stoppar mig ekki að vona. Hverju sem því líður þá óska ég ykkur öllum góðrar ofbeldis- og slysalausrar verslunarmannahelgar.

## Það er gott að vera á lausu því þá ...

... getur þú gengið nakin um íbúðina þína án þess að verða fyrir áreiti.

... getur þú horft á uppáhalds stelpuþáttinn þinn án þess að einhver trúður geri grín að þættinum allan tímann.

... hefur þú rúmið út af fyrir þig og þarft ekki að berjast fyrir tilverurétti þínum undir sænginni.

... þarft þú ekki að gera eina einustu grein fyrir þeim fimm sköpörum sem þú keyptir þann daginn.

... getur þú ryksugað þrátt fyrir að það sé fótbolti í sjónvarpinu.

... getur þú plokkað, þússað, klippt, kroppað, rakað eða vaxað í friði fyrir grettusvipum annarra.

## stjörnuþá

★★★  
4. – 10. ágúst

### HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Hrúturinn ætti að finna leið til að sleppa taki á fortíðinni og að sama skapi áhyggjum af framtíðinni. Helgina framundan ætti hrúturinn að lífa í núnu og njóta líðandi stundar. Með því að taka einn dag í einu fyllist hugurinn orku.

### NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

Nautið ætti ekki að streitast á móti þegar einhver býður til óvæntrar skemmtunar eða ferðalags. Ástarævitryri birtast þar sem nautið á síð von á. Því er nú góður tími til að lífa og njóta sín og fyrir nautið að láta ljós sitt skína.

### TVÍBUR 21. MAÍ – 20. JÚNÍ

Einhverra hluta vegna virðist seinheppnin elta tvíburann vikuna framundan. Tvíburinn þarf þó ekki að hafa nein áhyggjur heldur vera snöggur að grípa í húmorinn þegar hlutirnir ganga ekki sem skyldi, þannig getur vikan orðið hin mesta skemmtun.

### KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ

Ójafnvægi sem einkennt hefur krabbann virðist gufa upp. Krabbinn er samt minntur á að láta ekki góð tækifæri ganga sér úr greipum. Krabbinn hefur beðið í nokkurn tíma eftir meiri vissu og lausn á ýmsum málum og nú er tíminn til að framkvæma.

### LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST

Ljónið hefur ænið tilefni til að lyfta sér upp helgina framundan. Ljónið ætti því að hrista makkann og óskra af krafti og hlauða af stað á vit ævintýrana. Ljónið ætti að elta drauma sína og láta ekki aðra leiða sig áfram.

### MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER

Meyjan er á útopnu þessa dagana sem dregur frá henni orku og setur tilfinningalífnið í upp-nám. Meyjan ætti að halda að sér höndum, halda einkamállum fyrir sig og reyna að öðlast hugarró. Ágúst verður ekki eins sveiflukennur.

### VOG 22. SEPT. – 22. OKT.

Kannski er ekki á stefnuáhrifum hjá voginni að bregða sér í ferðalag en hún ætti heldur betur að skella sér. Legðu þig alla fram við að finna ferðafélaga og brunaðu út á land. Helgin verður hin besta og fjögur vika framundan.

### SPORÐREK 23. OKT. – 21. NÓV.

Sporðrekanum er nauðsynlegt að halda í jákvæðina vikuna framundan. Þá fyrst munu hlutirnir fara á þann veg sem sporðrekin helst óskar sér. Þolinæði er oft besta lausnin í flóknum aðstaðum. Gleymdu áhyggjum þínum um helgina.

### BOGMAÐUR 23. NÓV. – 21. DES.

Hin stjörnumerkin ættu að öfunda bogmanninn næstu daga. Heppnin eltir hann uppi og atburðir gerast sem tengjast inn á hans stærstu og dýpstu óskir án nokkurrar fyrirhafnar af hans hálfu. Vertu þakklátur kærri bogmaður, slíkt gerist ekki oft.

### STEINGEIT 22. DES. – 19. JAN.

Miðað við að stór ferðahelgi er framundan þýðir lítið að segja steingeitinni að slaka á þótt hún þurfi á því að halda. Allt í lagi, rasaðu út og skemmtu þér þessa helgina, en lofaðu þér að slaka á eftir helgina og hlaða batteríin.

### VATNSBERI 20. JAN. – 18. FEB.

Syndu, dansaðu, trallaðu, skemmtu þér og haltu í jákvæðina vikuna framundan. Fljótlega mun greiðast úr hvers kyns flækjum sem hafa einkennt vatnsberann síðustu vikur og með jákvæðina í farteskinu ættu allar hans langanir að ræstast.

### FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS

Fiskarnir eiga það vissulega skilið að leika sér, núna eftir að hafa eytt allri sinni orku í að sinna hinum og þessum verkum. Og ef það er einhvern tímann góð helgi til að lífa og leika sér þá myndi það vera helgin framundan.



# HAFÐU ÞAÐ GOTT Í SUMARFRÍINU



## VIÐ PÖSSUM UPP Á HEIMLIÐ MEÐ HEIMAVÖRN

Securitas hefur ætíð verið í fararbroddi þegar kemur að öryggisvörnum heimilisins. Heimavörn Securitas vaktar heimilið allan sólarhringinn, allan ársins hring. Heimavörnin er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112 þar sem við erum ávallt í viðbragðsstöðu. Þannig getur þú verið viss um að réttir aðilar koma samstundis á staðinn ef eitthvað kemur upp á hjá þér og þinni fjölskyldu.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa í síma **580 7000**



GOTT PÓL MCGANN

HEIMAVÖRN



# Hollustuna heim!

Hollur og góður kínamatur, stórir skammtar - beint heim til þín.



## TILBOÐ 1

Djúpstektar rætur  
Original hot and  
sweet svínakjöt  
Snöggsteikt nauta-  
kjöt í ostrunósu  
Kívenískar  
eggjanóður  
m/kjúklengi og  
græsmeti  
Hrisgrjón, súrsat  
sósa, þrjónar og  
soya sósa

1.345 á mann  
2.090 fyrir tvo

## TILBOÐ 2

Djúpstektar rætur  
Peking kjúklengur  
m/kínasveppum  
Wok steikt lamba-  
kjöt m/svartbauna-  
sósu  
Original hot and  
sweet svínakjöt  
Hrisgrjón súrsat  
sósa, þrjónar og  
soya

1.445 á mann  
2.090 fyrir tvo

## TILBOÐ 3

### Rifjapartý

Kortun svíruaf  
Hrisgrjón, þrjóna  
og soya  
poki af Maansú

1.250 á mann  
2.500 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLOJA Í „TAKE AWAY“

## BARNABOX



2 kjúklingaleggir franskir  
og kokteilsósa kinderegg  
700 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

### FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspöntun er kr. 1.900,- en kr. 4.000,- í Hafnarfórki.  
Opn: mán.-frí. 12-22, 10c. og 11u. 12-23, sun. 17-22

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

Uppruni  
hlutanna



Míníþilsíð hefur fengið karlmenn til að snúa sig úr hálsliðnum allt frá fyrstu tíð.

Mynd: NORDICPHOTO/GETTY IMAGES


## MÍNÍÞILSIÐ

Erfitt er að benda á einn einstakling sem upphafsmann eða -konu míníþilsanna en flest bendir til þess að breski tískuhönnuðurinn Mary Quant eigi þar stærstan hlut að máli. Árið 1955 opnaði hún fatabúð í Chelsea í London, Bazaar, þar sem hún seldi eigin hönnun, meðal annars míníþils. Þilsin urðu þó ekki vinsæl fyrr en upp úr miðjum sjöunda áratugnum og þá höfðu margar aðrar útgáfur skotið upp kollinum óháð Quant.

Meðal þilsafrumkvöðla voru Helen Rose sem gerði míníþils fyrir leikkonuna Anne Francis fyrir kvikmyndina Forbidden Planet árið 1956, John Bates sem hannaði svipað þils fyrir Diana Rigg í sjónvarpsþáttunum The Avengers, og franskir hönnuðirinn André Courrèges sem setti öllu víðari míníþils á markað með línu sinni Mod look sumarið 1965. Þilsinu fylgdu hvít gógóstígvél sem hönnuð voru með dans í huga. Stígvélin urðu síðar aðalsmerki Courrèges en í miðri kvenréttindabaráttunni urðu þau, eins furðulegt og það kann að hljóma, að tákngerfingu aukins valds kvenna.

Hversu stutt þils þarf að vera til að það sé míníþils er ekki á hreinu. Þumalputtareglan er þó sú að náir þú ekki niður fyrir þilsfaldinn með löngutöng, standir þú bein með hendur niður með síðum, þá er þilsíð of sítt til þess að kallast míníþils.

Míníþils hefur fest sig tryggilega í sessi frá því það hneykslaði kristilega millistétt í Bretlandi fyrir fimmtíu árum. Þróun þess heldur áfram og þrátt fyrir að míkróþilsin, sem varla földu persónulegustu hluta kvenna, hafi ekki náð að festa sig í sessi má enn sjá konur í míníþilsnum bæði heima við, á skemmtistöðum og í vinnunni.



# Þrjár af hverjum fjórum lesa Birtu

Samkvæmt nýjstu könnun Gallup\* lesa yfir 74% af konum á aldrinum 18 til 49 ára á Suðvesturhorninu tímaritið Birtu. Þetta þýðir að 3 af hverjum 4 konum lesa tímaritið sem auk þess hefur afgerandi forystu meðal annarra þjóðfélagshópa. Lesturinn á Birtu hefur aldrei mælst meiri.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

# birta

Mest lesna tímarit landsins

## BETRA AUTT RÚM?

Með sanni má segja að vísindamenn sitja ekki auðum höndum. Nú nýlega tóku nokkrir sig saman og rannsökuðu áhrif félagskapar í rúminu á hvíld og svefnvenjur.

Hver kannast ekki við að blóta því hljóðlega þegar makinn byrjar að hrjóta eða bylta sér. Þrátt fyrir að ástin sé til staðar getur það reynt á þolrifin ef ekki fæst nægur svefn vegna makans.

Austurrískum vísindamönnum tókst nýverið að sanna að næturfélagskapur hefur misgóð áhrif á kynin. Niðurstöðurnar úr svefnrannsóknum vísindamannanna voru þær að konur eiga að jafnaði óreglulegri og órólegri svefn þegar þær deila rúminu með einhverjum en aftur á móti virðast karlarnir sofa mun betur þegar einhver er hjá þeim.

Vísindamennirnir góðu fengu nú ekkert stórkostlegt sjókk þegar niðurstöðurnar lágu fyrir enda hafa margar aðrar

rannsóknir sýnt fram á hvernig návist kvenna hefur góð áhrif á andlega hæfileika karlanna. Næturfélagskapur virðist þannig hafa áhrif á skýra hugsun karlanna að morgni. Konur virðast hins vegar vera jafnhæfar til að glíma við hvers kyns huglæg verkefni á morgnana, óháð því hvort einhver hafi deilt með þeim rúminu um nóttina og þrátt fyrir að vera þreyttar eftir byltur og brölt fyrirferðarmikils maka.

Svo virðist líka sem það nægi körlunum að finna lyktina af konunni til að ná betri andlegri líðan að morgni. Því ætti að nægja fyrir konurnar að sprauta nokkur kvöld í viku ilmvatni á koddann hjá kærastanum til að efla hann og sofa svo bara heima hjá sér og fá góða hvíld.




## BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

FRÍ LEGUGREINING  
OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ræða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

BETRI  
HVÍLD  
DÝPRI SVEFN  
OG MEIRI  
VELLÍÐAN



Verslunin Rúmgott - Smiðjuvegj 2 - Kópavogi - Sími 544 2121  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

[www.rumgott.is](http://www.rumgott.is)

# Flottar og náttúrulegar strípur



**GARNIER**  
**Highlight Kit**

**4** mismunandi  
**tónar** sem henta  
þínum háralit

**M1** Fyrir ljóst hár  
**M2** Fyrir ljóst hár  
**M3** Fyrir brúnt hár  
**M4** Fyrir rauðleitt hár


**Garnier Highlight Kit** gefur hári þínu blæbrigðastrípur á aðeins 20 mínútum\*

\*M1 30 mín.

- ▶ Leikandi létt og einfalt.
- ▶ Má nota í bæði litað og náttúrulegt hár.
- ▶ Garnier Highlight Kit er strípusett fyrir alla.



Þú einfaldlega  
greiðir litinn í



Fitubrennsla



Fitubrennsla

Ekki láta appelsínuhúðina í friði:  
raunhæfur árangur hjá 85%\*

## PERFECTSLIM

EFTIR 24 TÍMA

MINNI APPELSÍNUHÚÐ + STINNANDI ÁHRIF

■ PerfectSlim inniheldur niðurbjótandi efni gegn fitu, vinnur gegn appelsínuhúð sem safnast hefur fyrir á lærum og rassi.

■ Bætt með Par-Elastyl™, sem sléttir og stinnir húðina stig af stigi.

Árangur:

Eftir 8 daga: +41% þéttari, +89% stinnari\*\*

Eftir 15 daga: -1 cm minna ummál á lærum\*\*\*

Viltu vita meira: [www.lorealparis.com](http://www.lorealparis.com)

BODY-EXPERTISE. ÞÍN EIGIN FEGRUNARÞEGÐ.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

**L'ORÉAL**  
PARIS



\* Prófað á 50 konum í 2 vikur  
\*\* Mælt með þ.t.g. tækjum á 24 konum  
\*\*\* Prófað á 50 konum

## Lesið í líkamann

Líkaminn okkar er þeim hæfileika gæddur að láta okkur vita þegar eitthvað bjátar á. Hér koma nokkur atriði úr bók Gillian McKeith sem hjálpa okkur að skilja betur algengustu merkin sem líkaminn sendir okkur um að við þurfum að hlúa betur að honum.

**TUNGAN** Aum tunga er merki um skort á næringarefnum eins og járn, B6-vítamínum og níasíni. Við þessu er gott að drekka netlute. Rauður tungubroddur er merki um streitu, Síberíu-ginseng og burnirót eru góð gegn streitunni.

**NEGLUR** Hvítir blettir á nögglum eru merki um sinkskort sem sinna þarf strax. Graskerja og sólblómafræ eru sinkmikil.

**EYRUN** Ef mikill mergur kemur úr eyrunum skortir líkamann lífsnauðsynlegar fitusýrur. Einbeittu þér að því að borða holla fitu sem finna má í línolíu og hörfræjum og taktu omega-3 á hverjum degi. Dragðu líka úr neyslu á mjólkurvörum.

**AUGUN** Dökkir baugar geta verið víbending fæðuofnæmis eða lítillar orku í nýrum. Borðu fjölbreytta fæðu og kynntu þér hvaða fæðutegundir byggja upp nýrun.

**VARIR** Útblásin neðri vör er merki um lélega meltingu og slæmar hægðir jafnvel hægðatregðu. Fjölbreytt fæði, jurtate, grænmetis-súpur og meltingarensím hjálpa til.

**LÆRI** Rauðir deplar framan á lærum eru merki um A-vítamín skort.

**MAGI** Uppþembdur, viðkvæmur og aumur magi er merki um lágt sýrustig magans og skort á meltingarensímum. Skerðu niður mjólkurvöruneyslu.

**BÓLUR** Bólur á efri hluta baks, brjósti og kinnum benda til þess að lungun þurfi á styrkingu að halda. Forðastu mjólkurvörur, mettaða fitu, rautt kjöt og jarðhnetur og fáðu hjálp í heilsuþúðum við að fá réttu fæðuna til að vinna á vandamálinu.



**ENGLAKRÖPPAR**  
GEISLAÐU BLÓMSTRABU KOMDU NJÖTTU

**LEYFÐU OKKUR AÐ DEKRA VIÐ ÞIG HEILSUSTUÐIÓ**

VIÐ HJALPUM ÞÉR AÐ LITA BETUR ÚT  
EN HOKKRU SINNI FYRIR

FJÓGUÐRA, SEX OG ÁTTA VIKNA  
ATAK ER Í BODI

GRENNUM, STINNUM OG STYRKJUM  
LOSUM ÞIG VIÐ APPELSINUHÚÐ  
OG AFEITRUM LÍKAMANN

FAKE BAKE BRUNKUHEDFERD  
Á TILBODI, 1. SKIPTI AÐEINS 2.900,-  
3. SKIPTI AÐEINS 6.500,-

RÁÐ NÝJASTA NYTT Á MARKAÐNUM Í DAG ER  
JURTAVAFNINGUR FYRIR ALLAN LÍKAMANN  
1. SKIPTI AÐEINS 8.900,-  
3. SKIPTI Á TILBODI 15.000,-


VIÐ BJÓÐUM ÞÉR AÐ KOMA  
Í ÓKEYPIS PRUFUTÍMA Í  
EUROWAVE OG ALMENNA RÁÐGJÓF

PANTAÐU TÍMA NÚNA Í SÍMA 5873750 STORHÖFÐI 17

**WWW.ENGLAKRÖPPAR.IS**  
VISA OG EURO LÉTTGREIÐSLUR

# SPORT JIL SANDER

THE NEW FRAGRANCES FOR WOMEN AND FOR MEN




		47		HANA LEYFI	DÝRAHLJÓÐ	MATARSAM- TÍNINGUR	SEM	TRÖLL	STARF			
		MP & SH										
		→										
		ÞRESS				SKJÓÐUR TIL BÓLD				UPPHRÓPUN	LIFURD	↓
	TÚSTRAST	KNAEPA	TEIKNING AF FERLI	[ ]								
			HÓFA									
JÁRKA					VRITA STEFNA				[ ]	TÖF ETJA		
SARG				SLEMA HVETJA			[ ]		LAPPI ÁSKA			
NIRVILL						FÍÐUR ÁN					GANGHÓFI SVARA	
SÓD		HAND- LEGGUR ÓKYR						TEMJA FÓA- BÓNAÐUR				FÚSKA
KYRÐ			GREIND STRÁ				FÓTLEGGUR HÓFTA Á	[ ]				
EINDÓNGUR			[ ]		DÖT YÖRUMERKI					DREIFA HVAB		GANGHÓFI
SUNNA				FÖNN					VERKARI			
DÁ						ÓSKA					BOR	

Taktu þátt!

➤ Leystu krossgátuna!

Þú getur unnið safnplötuna  
Pottþétt 41 sem inniheldur  
36 pottþétt lög!



POTTÞÉTT  
41

36 POTTÞÉTT LÖG





Þú sendir SMS steytið JA SVAR LAUSNARBOD & númerið 1900  
 Dæmi þversig SMS gæti líka til af evrópu er Jón  
 Þú sendir þá SMS-10. JA SVAR JON

Dagsetu til réttunnar evrópunar s.k. þriðjudag 11. 12.  
89 2010MS

# AFSÖKUN: Á LITLUM HRAÐA ÞARF ÉG EKKI AÐ NOTA BÍLBELTI

Artwork by BertvanderMeij © 2003 COMIC HOUSE NETHERLANDS



## NOTAÐU ALLTAF BÍLBELTI

**NÝTT!**



# EXTREME NANO-TECH FORMULA



**EXTREME  
NANO-TECH**  
FORMULA

Bón og hreinsivara  
NÝ OG ÖFLUGRI VARNARLÍNA  
FRÁ **TURTLEWAX**



Söluáðilar um land allt



... á næstu Esso stöð

... bestir fyrir bílinn þinn

# dagskrá

vikuna 4. ágúst - 10. ágúst 2006



## STÓRVELDIN HITA UPP

Hið árlega knattspyrnumót hollenska knattspyrnuliðsins Ajax, Amsterdam Tournament, verður haldið í Amsterdam dagana 4. og 5. ágúst. Að þessu sinni mæta til leiks, auk Ajax-liðsins, stórlíðin Manchester United frá Englandi, Inter Milan frá Ítalíu og Porto frá Portúgal. Sýn verður með beina útsendingu frá öllum fjórum leikjum mótsins á föstudag og laugardag. Mótið er haldið í átunda skipti og er fyrirkomulag þess allsrætt því þetta er eitt af fáum mótum sem lið af slíkri stærðargráðu taka þátt í þar sem nær öllu máli skiptir hversu mörg mörk eru skorud. Liðin fá nefnilega ekki aðeins þrjú stig fyrir að sigra leiki eða eitt fyrir að ná jafntefli, eins og jafnan tíðkast í deildarkeppnum um heim allan, heldur eiga þau einnig kost á að fá eitt stig fyrir hvert

mark sem þau skora, óháð því hvort það sé í sigurleik eða tapleik. Þetta fyrirkomulag gerir Amsterdam-mótið einstakt í sinni röð og algveg sérstaklega spennandi áhorfs enda sóknarleikurinn hafður í fyrirrúmi. Auk þess er ætíð gaman að sjá hvernig liðin eru að koma undan sumri en liðin fjögur verða vafalaust öll í meistaraþáttunni í sínum löndum í vetur. Athyglin verður án efa mest á rauðu djöflana í Manchester United sem hafa verið tiltölulega rölegir á leikmannamarkaðnum, ef undan eru skilin kaupin á Micheal Carrick fyrir stuttu. Hin liðin þrjú eru þó langt frá því að vera einhverjum klössum neðar en enska stórveldið. Allir leikirnir eiga því eftir að verða veisla fyrir augað því þótt hér sé um æfingamót að ræða er heiðurinn alltaf í veði.

### » SUNNUDAGURINN 6. ÁGÚST

#### Forrest Gump

Ein ástsælasta mynd seinni ára. Mynd sem á sínum tíma vann til sex Óskarsverðlauna, þar á meðal sem besta myndin. Myndin segir á skemmtilegan hátt sögu hins treggáfaða Forrest Gump sem þó hefur áhugaverða sýn á lífið og tilveruna. Tom Hanks hefur sjaldan eða aldrei sýnt eins trúverðuga frammistöðu en auk hans voru bæði Sally Fields og Gary Sinise tilnefnd til Óskarsverðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni. Forrest Gump er mynd sem allir verða að sjá.



» STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.00

### » FIMMTUDAGURINN 10. ÁGÚST

#### Alias

Þættirnir Alias, eða Launráð, hafa notið gróðrarlega vinsælda hér á landi frá þeir voru fyrst teknir til sýninga fyrir nokkrum árum síðan. Aðalleikkona þáttanna, Jennifer Garner, er án efa mesta tromp þáttanna en hún hefur einnig leikið í fjölda Hollywood mynda auk þess samband hennar og Ben Affleck hefur heldur betur verið á milli tannanna hjá pressunni í Hollywood. Spenna og hasar einkenna helst þættina enda eru sum atriði í þættinum ekki við hæfi barna. Með önnur helstu hlutverk fara þeir Ron Rifkin, Michael Vartan og Carl Lumbly.



» SJÓNVARPIÐ KL. 21.15

| íslenskar sjónvarpsstöðvar | kvikmyndir | íþróttir | erlendar sjónvarpsstöðvar | þættir |

alvöru orkudrykkir

þessi gamli góði...

þessi rauði


...og sá sykurlaus!

BOMBA energy

BOMBA energy

BOMBA energy


BOMBA energy



**GAMAN**  
▶ **20.05**  
GET A CLUE



**SPENNA**  
▶ **21.20**  
FATAL  
ATTRACTION



**VERULEIKI**  
▶ **21.30**  
THE BACHELOR



**GAMAN**  
▶ **20.00**  
JAKE IN  
PROGRESS



**FJÁRMÁL**  
▶ **22.30**  
PENINGARNIR  
OKKAR



MORGUNN

DAGUR

KVÖLD

NÓTT

**17.05** Leiðarljós **17.50** Tákn-  
málsfréttir **18.00** Ævintýri H.C.  
Andersen (21:26)

**18.30** Ungar ofurhetjur (16:26)  
(Teen Titans II)  
**19.00** Fréttir, íþróttir og veður  
**19.35** Kastljós  
▶ **20.05** Leitíð og þér munuð  
finna (Get a Clue)  
Bandarísk fjölskyldu-  
mynd um skólakrakka  
sem taka saman hönd-  
um og reyna að hafa  
uppi á kennara sínum  
sem er horfinn. Leikstjóri  
er Maggie Greenwald og  
meðal leikendna er  
Lindsay Lohan.  
**21.30** Á elleftu stundu (25th  
Hour) Bandarísk  
spennumynd frá 2002.  
Fíkniefnasali í New York  
hugsar sinn gang sólar-  
hringinn áður en hann á  
að byrja að afplána sjö  
ára fangelsisdóm. Ekki  
við hæfi barna yngri en  
12 ára.

**23.40** Vandræðagripir **1.05** Út-  
varpsfréttir í dagskrárlök

**6.58** Ísland í bítíð **9.00** Bold  
and the Beautiful **9.20** í finu  
formi **9.35** Oprah **10.20** Alf  
**10.45** My Wife and Kids **11.05**  
Það var lagið **12.00** Hádegis-  
fréttir **12.25** Neighbours **12.50** í  
finu formi **13.05** My Sweet Fat  
Valentina **13.50** My Sweet Fat  
Valentina **14.35** George Lopez  
**15.00** Extreme Makeover: Home  
Edition **16.00** The Fugitives  
**16.25** Barnatími Stöðvar 2  
**17.15** Simpsons **17.40** Bold  
and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** Fréttir, íþróttir og veður  
**19.00** Ísland í dag  
**19.40** Mr. Bean (Herra Bean).  
**20.05** The Simpsons (6:22)  
**20.30** Two and a Half Men  
(18:24)  
**20.55** Derren Brown: Hugar-  
brellur (1:6)  
▶ **21.20** Fatal Attraction (Hættu-  
leg kynni) Michael Dou-  
glas leikur farsælan  
kaupsýslumann og ham-  
ingjusaman fjölskyldu-  
mann sem gerir þau  
stóru mistök að falla fyrir  
freistingum holdsins og  
heldur framhjá með  
eggjandi viðskiptafélaga  
sínun, leikinn af Glen  
Close. 1987. Stranglega  
bönnuð börnum.

**23.15** Just Married **0.50** What's  
the Worst That Could Happen?  
**2.25** A Rumor of Angels **4.00**  
Two and a Half Men **4.25** Mr.  
Bean **4.50** The Simpsons **5.15**  
Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tón-  
listarmyndbönd frá Popp Tívi

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil  
(e)

**16.00** Courting Alex (e) **16.30**  
Point Pleasant (e) **17.15** Dr. Phil  
**18.00** 6 til sjö (e)

**19.00** Beverly Hills 90210 Ung-  
lingarnir í Beverly Hills  
eru mættir til leiks.  
**19.45** Melrose Place  
**20.30** One Tree Hill – lokabáttur  
Nathan hefur áhyggjur af  
öryggi Haley's þegar  
reynir á vinskapa Peyton  
og Brooke. Deb segir  
Dan sannleikann um  
eldsvöðann og Karen  
hefur meiri þörf fyrir  
Keith en hún átti von á.  
▶ **21.30** The Bachelor VII Hann  
er myndarlegur, róman-  
tískur, vel menntaður  
húmoristi úr viðskiptalíf-  
inu og kemur frá upp-  
örvandi og samheldni  
fjölskyldu píparveininn  
sem fannst eftir mikla  
leit.  
**22.30** Law & Order: Criminal In-  
tent

**23.20** C.S.I.: Miami (e) **0.10**  
C.S.I.: New York (e) **1.00** Love  
Monkey (e) **1.45** Beverly Hills  
90210 (e) **2.30** Melrose Place  
(e) **3.15** Jay Leno (e) **3.30**  
Östöðvandi tónlist

**18.30** Fréttir NFS  
**19.00** Ísland í dag  
**19.30** Bernie Mac (17:22) (e)  
(Mac-Inations)  
▶ **20.00** Jake in Progress (11:13)  
(Check, Please) Banda-  
rískur grínþáttur um  
ungan og metnaðarfull-  
an kynningarfulltrúa í  
New York. Þegar fræga  
fólkið rennur á rassinn  
mættir Jake Phillips á  
svæðið og reddar mál-  
unum.  
**20.30** Sirkus RVK (e)  
**21.00** Pipóla (4:8) (e)  
**21.30** Twins (10:18) (e) (Sister's  
Keeper)  
**22.00** Stacked (8:13) (e) (Rom-  
ancing The Stones)  
**22.30** Sushi TV (8:10) (e)  
Sprenglæginlegur þátt-  
ur þar sem Japanir taka  
upp á alls kyns vitleysu.

**23.00** Invasion (18:22) (e)

**7.00** Ísland í bítíð **9.00** Frétta-  
vaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaður-  
inn/Íþróttarfréttir/Veðurfrétt-  
ir/Leiðarar dagblaða/Hádegisd –  
fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00**  
Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00**  
Íþróttir og veður

**18.30** Kvöldfréttir  
**19.00** Ísland í dag  
**19.40** Peningarnir okkar Þáttur  
um fjármál heimilanna,  
einskonar námskeið í  
sjónvarpi um meðferð  
fjár og hvernig hægt er  
að sýna ráðdeild ... og  
græða.  
**20.00** Fréttayfirlit  
**20.20** Brot úr fréttavakt  
**20.30** Örlagadagurinn (8:12)  
(Örlagadagurinn)  
**21.00** Fréttir  
**21.10** 48 Hours (48 stund-  
ir) Bandarískur fréttaskýr-  
ingabáttur.  
**22.00** Fréttir Fréttir og veður  
▶ **22.30** Peningarnir okkar  
Ingólfur H. Ingólfsson  
hefur verið með vinsæl  
innsög á Fréttavaktinni  
undarfarna mánuði.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Frétta-  
vaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10**  
Peningarnir okkar



Ný kremlína frá IMEDEEN®  
**GJAFAPAKKNING**

- Dagkrem 20 ml
- Næturkrem 20 ml
- Augnkrem 5 ml
- Serum 5 ml



**FÓTBOLTI**

▶ **21.25**

ENSKU MÖRKIN




**SPENNA**

▶ **22.00**

SPARTAN

**BIÓ** STÖÐ 2 BIÓ

**16.50** Amsterdam Tournament 2006 **19.00** Amsterdam Tournament 2006

**21.00** Gillette Sportpakinn (Gillette World Sport 2006)

▶ **21.25** Ensku mörkin 2006-2007 (Preview Show) Frábær þáttur þar sem farið er yfir allt það helsta á hverjum tíma í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félöganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum.

**21.55** Súpercross (World Supercross GP 2005-06)

**22.50** Pro Bul Riders (Pro Bull Riders) Fólk tekur sér ýmslegt fyrir hendur í Bandaríkjunum.

**23.45** Amsterdam Tournament 2006 Upptaka frá fyrsta leiknum í hinu árlega Amsterdam-móti Ajax í fótbolta.

**01.25** NBA – úrslit (Miami – Dallas)

**6.00** Með allt á hreinu **8.00** Interstate 60 **10.00** Greenfingers **12.00** Mean Girls **14.00** Með allt á hreinu **16.00** Interstate 60 **18.00** Greenfingers

**20.00** Mean Girls (Vondar stelpur) Geysivinsæl gamanmynd með stórstjórnunni Lindsay Lohan í aðalhlutverki. 2004. Leyfð öllum aldursþópum.

▶ **22.00** Spartan (Spartverjinn) Fantafinn spennutryllir með Val Kilmer sem fengið hefur afburðar-góða dóma. Dóttur hátt setts embættismanns er rænt og leygniþjónustumaðurinn Scott er fenginn til að hafa upp á henni. Hann kemst fljótt að því að málið er flókna en áhorfi í fyrstu og hugsanlega sé um stórt samsæri að ræða. Aðalhlutverk: Val Kilmer, Derek Luke, Tia Texada. Leikstjóri: David Mamet. 2004. Stranglega bönnuð börnum.

**0.00** Superfire (Bönnuð börnum) **2.00** Ring O (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Spartan (Stranglega bönnuð börnum)



**OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.



**AKSJÓN**

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15.

**ERLENDAR STÖÐVAR**

**EUROSPORT**

11.30 Athletics: IAAF Super Grand Prix in London, United Kingdom 13.30 Canoeing: World Slalom Championships in Prague, Czech Republic 13.45 Swimming: European Championship in Budapest, Hungary 14.45 Swimming: European Championship in Budapest, Hungary 15.00 Swimming: European Championship in Budapest, Hungary 16.30 Canoeing: World Slalom Championships in Prague, Czech Republic 17.00 Swimming: European Championship in Budapest, Hungary 18.30 Cliff diving: World Championship in Brontallo, Switzerland 19.00 Tennis: WTA Tournament in San Diego, United States 20.45 Rally: International Rally Challenge in Madeira Island, Portugal 21.00 Tennis: WTA Tournament in San Diego, United States 22.45 Xtreme Sports: Yoz Xtreme 23.15 All sports: WATTS

**BBC PRIME**

